



Parkinsonsamtökin á Íslandi

Parkinsonfundur á Selfossi

Parkinsonsamtökin á Íslandi halda jafningjastuðningsfund í Grænumörk 5, Þjónustumiðstöð aldraðra á Selfossi mánudaginn 27. október kl. 20:00.

Snorri Már Snorrason, formaður PSÍ og fleiri stjórnarmenn segja frá starfi samtakanna, uppbyggingu jafningjastuðnings og kynna útgefið fræðsluefni.

Við viljum hvetja alla parkinsongreinda og aðstandendur þeirra í Árborg og nærsveitum til að koma og eiga samræður við aðra í svipuðum sporum og þiggja kaffi og meðlæti. Hlökkum til að sjá ykkur öll.

Parkinsonsamtökin á Íslandi

Auglýsing frá hjónaballsnefnd Hrunamannahrepps

Við óskum eftir áhugasömum og metnaðarfullum sælkerum til að sjá um matinn á Hjónaballi Hrunamanna sem haldið verður í Félagsheimilinu á Flúðum 7. mars 2015.

Um er að ræða matseld og framsetningu ásamt öllu öðru sem tilheyrir veislumat fyrir um 300 manns.

Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband í gegnum netfangið lkot@simnet.is eða hringja í Valdísi í síma 822 6617 fyrir 15. desember 2014.

Hjónaballsnefndin

HAMBURGARA
Bullan

Eyravegi 32, Selfossi
Sími 571 8288

Reykjavík - Hafnarfjörður - Selfoss
London - Berlín - Kaupmannahöfn

Opnum kl. 21:00 fimmtudag,
föstudag og laugardag.
2 fyrir 1 af köldum til kl. 23:00.

Dj. Víðir og Dýrið troða
upp á laugardagskvöld.

Aðgangur er ókeypis
allra helgina

BAR

SENNILEGA BESTI BAR Í HEIMI

Eyravegi 2, Selfossi

Ungmennaskiptin – „The Iceland RPG experience“

Ungmennaskipti njóta sífellt meiri vinsælda á Íslandi og geta verið af ýmsu tagi. Fyrir þá sem hafa ekki heyrt um ungmennaskipti, snúast þau í megin dráttum um að kynnast ólíkri menningu annarra landa ásamt því að vinna að sameiginlegu verkefni með fólki úr öðrum löndum.

Dagana 29. september til 5. október voru haldin ungmennaskipti á Úlfjótavatni. Það sem er svo merkilegt við þessi ákveðnu ungmennaskipti er að í þeim var norræn goðafræði kynnt fyrir þjóðverjum, Grikkjum jafnt og Íslendingum. Hugmyndin var unnin og skipulögð af umsjónarmönnum þýska hópsins. Þetta var gert í gegnum ákveðið form spila sem flestir þekja undir nafninu RPG eða hlutverkaleikir. Þátttakandi skapar sér persónu, í þessu tilfelli út frá goðafræðinni. Spilari lendir í ýmsum atvikum sem þarf að bregðast við og í raun eru allir vegir færir í hlutverkaleikjum sem er það sem gerir þá svo skemmtilega.

Þátttakendur voru verulega ólíkur hópur fólks með

mismunandi áhugamál en þó með sameiginlegan áhuga á hlutverkaleikjum. Við frá Íslandi vorum yngst í hópnum og flestir frá okkur voru á bilinu 18-20 ára og stunda nám í FSu. Þeir sem tóku þátt frá Grikklandi og Þýskalandi voru flestir á bilinu 22-30 ára. Þar á meðal voru verkfræðingar, tölvunarfræðingar og fólk í fullu háskólanámi.

Öllum kom vel saman og ævintýrið sem gekk yfir í viku var æðislegt í alla staði. Allir fóru heim sælir á svip og reynslumeiri í norrænni goðafræði, tungumálum, alþjóðasamskiptum og félagslegum samskiptum.

Stefnan er síðan tekin á Grikkland næsta sumar þar sem markmiðið er að kynna sér gríska goðafræði og hittast aftur.

Mikið vil ég mæla með



ungmennaskiptum fyrir þá sem hafa áhuga, þau eru bæði rosalega gefandi og sniðug fyrir þá sem finnst gaman að hitta nýtt fólk frá mismunandi löndum, það sakar svo ekki hvað það er ódýrt að ferðast ef þú ferð t.d. í gegnum Erasmus+. Ég vil sérlega minnst á að það er hægt að vera í samskiptum við Pakkhúsið, ungmennahúsið í Árborg varðandi ungmennaskipti. Í ár stefnum við á að senda a.m.k. einn út í sjálfbodaðastarf og taka þátt í ýmsum fleiri verkefnum í þessum geira.

Kveðja,
Vigdís Friðla

Tvær sænskar myndir í Selfossbíói um helgina

Um helgina verða sýndar í Selfossbíói tvær athyglisverðar sænskar bíómyndir. Annars vegar er um að ræða myndina *Turist* sem tilnefnd er til evrópsku kvikmyndaverðlaunanna og er framlag Svía til Óskarsverðlaunanna og hins vegar myndina *Hemma* sem m.a. er tekin upp á Eyrarbakka.

Turist (Force Majeure)

Sænsk fjölskylda fer í skiðaferð til frönsku Alp-anna, sólin skín en þegar þau setjast dag einn niður til að snæða hádegisverð snýr snófljóð öllu á hvolf. Ebba kallar á eiginmann sinn Tomas í örvæntingu sinni, og reynir að verja börn þeirra sem einnig sitja við borðhaldið. Tomas hleypur fyrir lífi sínu og skilur fjölskyldu sína eftir í örskammann tíma. En snjóflóðið náði ekki að veitingastaðnum, en afleiðingar af atvikinu munu eiga sér djúpstæða merkingu fyrir samband Tomas og Ebbu, en hjónaband þeirra hangir á bláþræði í kjölfarið. Tomas reynir eftir bestu getu að endurheimta stöðu sína innan fjölskyldunnar en myndin er grátbrosleg



Hemma (Home)

Lou er einfari sem býr hjá mömmu sinni, sem hún telur vera eina eftirlifandi ættingja sinn. Þegar hún kemst að því að amma hennar, Frida er sprellifandi og afi hennar, Yngve, nylátinn er henni vægast sagt brugðið. Lou umturnar lífi sínu flytur inn til syrgjandi ömmu sinnar, sem flýr sorgina með því að hjálpa Tom, 10 ára strákur sem er ekki góður í neinu. Fornbókasalinn Henrik gengur með grasið í skónum á eftir Lou, sem neyðir hana til að horfast í augu við að hún sé ekki alveg ómöguleg. Sunnlendingar ættu að kannast við söguviðið, því myndin er meðal annars tekin upp á Eyrarbakka.



WWW.SELFOSSBIO.IS

SelfossBíó
KVIKMYNDAHÚS

SÍMI: 517 7000

SÝNINGAPLAN	NORRÆN VÍKA Í SELFOSSBÍÓ	23.okt	24.okt	25.okt	26.okt	27.okt	28.okt	29.okt
1 Kassatröllin - Ísl. tal		15:30	11:00 13:00 15:00	11:00 13:00 15:00		17:30		17:30
2 Affinn		17:30	17:30				17:30	
15 Borgriki 2: Blóð Hraustra Manna			22:20	22:20	19:30			22:20
12 The Judge		22:20				19:30		
16 Fury			19:30	19:30	22:00	22:20		19:30
12 Turist - Tilnefnd til Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna og framlag Svíjóðar til Óskarsverðlaunanna		20:00		17:00			22:00	
1 Hemma - Sænsk mynd sem er að stórum partu tekin upp á Eyrarbakka					17:00		20:00	

FRUMSÝNING TILBOÐ POWERSÝNING

Menningarmánuðurinn október:

Stokkseyri helgina 25. – 26. október**Tónleikar í Orgelsmiðjunni á Stokkseyri
laugardaginn 25. október kl. 17:00**

Bakkatríóið GG & Ingibjörg
er skipað Gyðu Björgvinsdóttur söngkonu,
Guri Hilstad Ólason sem spilar á kornett og Ingibjörgu
Erlingsdóttur píanóleikara,
en hún sér einnig um raddir.
Aðgangseyrir: 1000 kr.

**Menningardagur í íþróttahúsinu á Stokkseyri
sunnudaginn 26. október kl. 15:00**

Dagurinn verður tileinkaður Ungmennafélagi Stokkseyrar
og mun Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson leiða skemmtunina af
sinni alkunnu snilld.

Farið verður yfir sögu félagsins frá upphafi til dagsins í dag
og verða ýmis skemmtiatriði; söngur, dans og leikur.

Enginn aðgangseyrir.

Kvenfélag Stokkseyrar verður með veitingasölu.

Hátíð í bæ
Sunnlendingar!

Áttundu jólatónleikarnir „Hátíð í bæ“ fara fram á Selfossi
miðvikudaginn 3. desember 2014 klukkan 20:00 í lðu,
íþróttahúsi FSu á Selfossi. Húsið opnað kl. 19:30.
Flutt verða jólalög og hin sanna jólastemning fær notið sín.
Kynnir verður Valdimar Bragason

Fram koma:
Egill, Þóra og Ásgeir · Guðmundur Eiríksson · Kór FSu
Páll Rúnar Pálsson · Guðrún Gunnarsdóttir
Daniel Haukur · Tríó Vignis Stefánssonar · Helga Möller
Heiðursflytjandi: Raggi Bjarna

Aðgangseyrir:
A-sæti: 4.700 kr. í fremri hluta
B-sæti: 4.200 kr. í aftari hluta
C-sæti: 2.500 kr. á bekkjum til hliðar

Forsala er hafin á Rákarastofu Björns & Kjartans
í Miðgarði á Selfossi og á mid.is Einnig í síma 899 2499.
Veittur er 30% afsláttur fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd
fullorðinna en þeir miðar eru aðeins seldir á Rákarastofunni.

Frábært tilboð í Tryggvaskala fyrir tónleikagæsti: Bókunarsími 482 1390.

Participating Organizations:
SÍM, NÓI SIRIUS, HÚSÓÐKERFI, SUDURLAND FM 95.3, PÓSTURINN, olis, HÚSASMÍÐJAN, ARION banki Selfossi

**ÞÚ PASSAR HANN
VIÐ PÖSSUM ÞIG**
VELDU ÖRYGGI FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

HANKOOK
Ventus K115, Kynergy, Dynapro

Services: Dekkjaverkstæði, Smurþjónusta, Smáridgerðir, Hjólastíllingar, Bremsuklossar, Rúðupurrur, Rúðuvökvi, Rafgeymar, Peruskipti

12 Mánaða Vaxtalausar Afborganir

Nánari upplýsingar
www.solning.is

SÓLNING
Renndu við

Smíðjuveg 68-72, Rvk | Hjalldraun 4, Hf | Fljábaut 12, Njarðvík | Eyraveg 33, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2

**NAUTAKJÖT
FRÁ GUÐNASTÖÐUM**

Hef til sölu úrvals nautakjöt, selst í heilu,
hálfu og fjórðungum.
Hreint kjöt beint frá bónda.
Tökum einning niður pantanir á
folaldakjöti.

Upplýsingar í síma 898 6124, Guðni
gudnastadir@emax.is og
sveitabiti á facebook

**Menningarmánuðurinn október 2014**

Saga Umf. Stokkseyrar – íþróttahúsið Stokkseyri
sun. 26. október kl. 15:00.
Tónlist, myndir, barnakór, fimleikasýning,
leikupplestur o.fl. *Frítt inn.*

Saga Bifreiðastöðvar Selfoss – Fossnesti og Inghóll
fös. 31. okt. kl. 20:30 í Hvíta húsinu. Húsið opnað kl. 20:00.
Saga í máli og myndum, frásagnir og Labbi í Mánum
spilar. Kynnir er Jón Bjarnason. *Frítt inn.*

Nánar um dagskrána á
www.arborg.is

Leikfélag Ölfuss frumsýnir Enginn með Steindóri

Leikfélag Ölfuss frumsýnir leikritið *Enginn með Steindóri* eftir Nínu Björk Jónsdóttur laugardagskvöldið 25. október nk. kl. 20:00 í Ráðhúsinu í Þorlákshöfn. Leikstjóri er F. Elli Hafliðason. Leikarar í sýningunni eru þau Aðalsteinn Jóhannsson, Axel Bergmann Sigurðsson, Árnýr Leifsdóttir, Benjamin Hallbjörnsson, Erla Dan Jónsdóttir, Hilmar Kristberg Jónsson, Jónheiður Ísleifsdóttir, Oddfreyja H. Oddfreysdóttir og Ólöf Þóra Þorkelsdóttir.


Enginn með Steindóri er drepfyndið gamanleikrit sem kemur sífellt á óvart. Sagan gerist á heimili bankastjóra nokkurs og hans listelskandi

ektakvinnu en þau hafa boðið foreldrum verðandi tengdasonar síns í mat. Þegar fólkið fer að kynnast tekur leikurinn að æsast og ekki lagast það þegar bróðir verðandi tengdasonarins mætir óboðinn í partíið. Spreng-hlægilegar persónur og óút-reiknanlegur söguþráður.

Sýningar verða sem hér segir:

2. sýning 30. október kl. 20:00
3. sýning 4. nóvember kl. 20:00
4. sýning 11. nóvember kl. 20:00
5. sýning 13. nóvember kl. 20:00

Miðaverð er kr. 2.500 og miðapantanir eru í síma 661-0501 og á leikfélag@gmail.com.



Safnarsýning á Laugarvatni

Upplit, menningarklasinn í uppsveitum Árnessýslu, efnir til safnarsýningar í tengslum við safnahelgi á Suðurlandi fyrstu helgina í nóvember. Sýningin verður að þessu sinni í Héraðsskólanum á Laugarvatni sem má segja að sé safn í sjálfu sér, bygging með sál og sögu. Safnarar sýna söfn sem leynast víða á heimilum; frímerki, spil, merki, uglur, húfur, servíettur, póstkort, skó, bindi, kjóla eða hvaðeina sem sumir hafa gaman af að safna og aðrir hafa gaman af að skoða.

Ýmislegt fleira verður hægt að skoða í

uppsveitum þessa helgi og má þar nefna Samansafnið Sólheimum í Hrunamannahreppi sem verður opið, skemmtilegt safn, gamlir munir, fornþátal og sýning tileinkuð Fjalla Eyvindi og Höllu „Myndlist í hesthúsi“ í Reykholti verður opin, Sigurlína Kristinsdóttir vinnur nú að myndum fyrir sýningu sem verður opnuð á Café Mika í janúar. Þá verður hægt að líta við í Geysisstofu, Skálholti, Gullkistunni og Þjórsárstofu. Nánari upplýsingar á www.sveitir.is.

- áa

Heiðursmenn Samhygðar

Laugardaginn 4. október Lsiðastliðinn efndi Ungmennafélagið Samhygð til heiðursnafnbótasamsættis í Félagslundu. Tilefnið var það að á síðasta aðalfundi var samþykkt að útnefna nokkra valda félaga í Samhygð sem heiðursfélaga

fyrir góð og heillarik störf í þágu félagsins. Hér má sjá fimm nýja heiðursmenn Samhygðar sem allir eiga það sameiginlegt að hafa starfað fyrir félagið í meira en hálfa öld og unnið að mörgum góðum málefnum.



Frá vinstri: Jón M. Ívarsson og Markús Kr. Ívarsson Vorsabæjarhóli, Guðmundur Guðmundsson Vorsabæjarhjáleigu, Helgi Stefánsson Vorsabæ og Sigurður Guðmundsson Sviðugörðum.

Syngjum í Þjórsárveri

Í Þjórsárver verður grönnum og glaðri drótt boðið til söngkvölds hinn fyrsta vetrardag. Söngbók 1 verður til staðar ásamt Inga Heiðmari söngstjóra. Sungin verða söngljóð Ragnars Böðvars-son, nýprentuð af þessu tilefni. Fyrir tveimur árum orti Ragnar heitinn þessa sönghvót:

*Verði stundin leið og löng
læra skaltu þetta:
Ef þú bara iðkar söng
óðar mun þér létta.*

Allir eru velkomnir á söngkvöld í Þjórsárveri laugardaginn 25. október nk. Húsið verður opnað kl. 20:30.

Sunnlenski matgæðingurinn



Áslaugu Bjarnadóttur í Miðfelli er sunnlenski matgæðingurinn þessa vikuna.

Takk fyrir áskorunina kæra systir. Ég var alveg viss um að þú myndir skora á mig að deila „uppskriftum“ af banakringlu-steik eða jafnvel risaeðlusteik! En það varð ekki úr svo að þær verða bara að bíða betri tíma ☺

Mér finnst mjög gaman að skoða uppskriftir, matarblogg og eitt og annað sem viðkemur eldamennsku og bakstri. Það er alltaf spennandi að prófa eitthvað nýtt og um daginn fann ég uppskrift að kjúklingasúpu sem smakkaðist mjög vel og ennþá betri upphitun daginn eftir. Svo kemur fyrir að ég skelli mér í hlutverk konunnar sem kyndir stundum bakara-öfninn sinn. Kökur, sérstaklega svona skotheldar hnallþórir hafa alltaf átt upp á pallborðið hjá mér. Til dæmis er tertan Pavlova búin að vera í miklu uppáhaldi hjá mér frá því að ég bakaði hana í fyrsta skiptið. Terta þessi er nefnd eftir Önnu Pavlovu sem var þekkt rússnesk ballerína. Þegar hún heimsótti Ástralíu og Nýja Sjáland á þriðja áratug síðustu aldar bakaði einhver snillingur þessa tertu og nefndi hana Pavlovu henni til heiðurs. Upp úr því varð tertan vinsæll eftirréttur í þessum löndum.

En jæja, áfram með smjörið og upp með fjörið og svuntuna, hér koma uppskriftirnar sem mig langar að deila með ykkur.

Mexíkósk kjúklingasúpa (fyrir 8)

4 rauðlaukar
3 hvítlaufsrif, rifin niður
1 rauður ferskur chilipipar
10 dl vatn
2 kjúklingakraftsteningar
2 kjótkraftsteningar
1 tsk. Cayenne-pipar, setja
1/2 fyrst og smakka svo
4 dósir niðursoðnir tómatar, skornir smátt
6 ferskir tómatar skornir í grófa bita
1/2 lítri matreiðslurjómi (má sleppa)
5 kjúklingabringur
Salt og pipar
Meðleti
Sýrður rjómi
Rifinn ostur
Nachos ostaflogur

Aðferð

Setjið eina msk. af ölfuolíu í stóran pott, skerið rauðlaukinn gróflega niður og steikið hann í pottinum. Bætið hvítlauknum saman við og hrærið, passið að hvítlaukurinn brenni ekki. Þegar rauðlaukurinn er aðeins farinn að brúnast bætið þið restinni saman við. Byrjið á því að setja niðursoðnu tómatana saman við ásamt vatninu og kjúklinga- og kjótkraftinum. Bætið svo saman við Cayenne-piparnum, chilipiparnum og fersku tómötunum. Leyfið súpunni að malla á lágum straum í góðan tíma



(lágmark 30 mín.) Brytjið kjúklingabringurnar í mátulega bita og steikið á pönnu með salti og pipar. Setjið svo út í súpu þegar ca. 10 mínútur eru eftir af suðutímanum. Smakkið súpu og bætið við pipar, salti eða Cayenne-pipar eftir smekk. Ef ykkur finnst súpan of bragðlítill getið þið bætt við kryddum t.d. Cayenne-pipar, hann gerir súpu sterkari, ef ykkur finnst hún vera orðin of sterk þá bætið þið bara aðeins meira af rjóma saman við.

Pavlova

4 stk. eggjahvítur af stórum eggjum
200 gr. flórsykur
1/2 tsk. vanilludropar
1 tsk. hvítvinsedik
1/2 Maizena-mjöl

Aðferð

Forhitið ofninn í 150°C. Setjið eggjahvíturarnar í hræri-vélaskál og byrjið að þeyta á miðlungshraða. Þegar þær eru vel slegnar aukið hraðann og blandið sykrinum smátt og smátt saman við. Skvettið svo þessari 1/2 teskeið af vanilludropunum úti. Þegar eggjahvíturarnar eru stífþeyttar er skálin tekin úr vélinni. Ediki og Maizena-mjöli blandað varlega saman við með sleif. A smjörpappír er teiknaður u.p.b. 24 cm hringur og settur á ofnplötu. Massanum dreift á flötinn innan við línuna. Ofninn lækkaður í 130°C og bakað í 1 klst. og 15 mín. Þá er slökkt á ofninum og kökunni leyft að kólna í rólegheitum í ofninum.

Hráefni í fyllingu

300-350 ml þeyttur rjómi
1 msk. strásykur
1/2 tsk. vanilludropar

Þeyta mátulega mikið og smyrja svo rjómanum varlega á kaldan botninn (sem er stökkuð að utan en mjúkur að innan). Að lokum skreyti ég kökuna með jarðarberjum, vinberjum, kiwi og dassi af Nóakroppi en auðvitað ræður hver og einn hvað sett er á kökuna. Gott er að leyfa kökunni að standa aðeins í ísskápnunni áður en hún er borin á borð. Góð með kaffinu en er líka tilvalin sem eftirréttur.

Bon appétit!

Ég skora á mína kæru vinkonu og nágrannakonu, Arnfríði Jóhannsdóttur í Dalbæ 1, að vera næsti sunnlenski matgæðingurinn. Það er alltaf gott að koma í Dalbæ og ég veit að Arnfríður á margar góðar og girnilegar uppskriftir.

Matgæðingar eru beðnir að senda uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudagsmorgni.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is. Ritstjóri og blaðamaður: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet Suðurlands, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis- og þriðjudegi. Upplag 9000 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentmet - Umhverfissvöðuð prentsmíðja



Gáta vikunnar

*Mig er að finna í fjöllumunum,
fer þó stundum inn í búr,
hangi líka í hjöllumunum
og hafinu tíðum kem ég úr.*

Svar við gátu í blaði 2265: DYNGJA

Hraun- eða vikurdyngja.

Herbergi komungsdætra, kölluð dyngja.
Snjöldyngja. Ösku- eða sorpdyngja.

BONUS BONUS BONUS BONUS



995
kr. kg

Ali elduð spareriðs (grísaríf) Tilbúin, þarf aðeins að hita



Úrbeinaður ferskur
Grísahnakki

1098
kr. kg.



Úrbeinaður ferskur
Grísahnakki

Ali Ferskur úrb. grísahnakki VERÐ ÁÐUR: 1579 KR.KG



1295
kr. kg.

Bónus Ferskur úrb. grísahryggur
með þöru



659
kr. kg.

Bónus Ferskur grísabógur



259
kr. 1 ltr.

Repjuolía 1 ltr. aðeins 259 kr.
Sólblómaolía 1 ltr. aðeins 259 kr.



Bónus
Rjómi 550ml

398
kr. 550ml.



1298
kr. kg.

Ali Bayonneskinka
úr læri 1.flokkur



1898
kr. kg.

Ferskur hálfur lambahryggur
(lundarparturinn) af nýslátruðu



298
kr. 500g

Bónus Rúsinur 500g
Verð áður: 349 kr.



198
kr. 200g

Bónus Rifin
pizzablanda 200g



279
kr. 300g.

Heima Suðusúkkulaði 300g



198
kr. 500g.

Heima Smjörliki 500g



259
kr. 1 kg

Euroshopper frosin
Wokgrænmetisblanda



259
kr. 1 kg

Euroshopper frosin Brokkolíblanda



95
kr. 1 kg

Euroshopper Hvítt hveiti 1 kg



298
kr. 200g.

Bónus Hvítt súkkulaði 200g



179
kr. 100g.

Bónus Suðusúkkulaði 70% 100g



1498
kr. kg.

Sláturfélag Suðurl. Sérskorið lambalæri af nýslátruðu



3598
kr. kg.

Íslandsnaut Ungnautafillet ferskt



BONUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl.
gilda til 26.okt 2014

Föstudagur 24. október:
Lambalæri og kjúklingabringur
 með sósutvennu
1.649 kr.



Tryggvagötu 40, Selfossi - Sími 482 1770

Erum á
 Facebook



POWERtalk deildin Jóra keppir til úrslita

Mánudagskvöldið 20. október sl. fór fram undan-keppni í kappræðum POWERtalk milli deildanna Jóru (frá Selfossi) og Fífu (úr Kópavogi). Keppnin fór fram hér á Selfossi á deildarfund Jóru.

Úrslit kvöldsins urðu þau að Jóra bar sig úr bítum og mun því keppa til úrslita við Hörpu þann 15. nóvember í Reykjavík. Anna Kristín Kjartansdóttir úr Jóru var ræðumaður kvöldsins og var vel að því komin. Þetta var skemmtilegt kvöld og komu margir góðir gestir þrátt fyrir leiðinlegt veður.

- sp

Villibráðaveislan byrjar 25. október

Frábær stemning og lifandi tónlist undir borðum!

Pantanir í síma 555 7879
 eða á info@grimsborgir.is

Hótel Grímsborgir við Sogið í Grímsnesi
 www.grimsborgir.is



Matur & Músík
 VEISLUÞJÓNUSTA
 WWW.MATUROGMUSIK.IS

*Erum með frábæran sal og mat
 fyrir ýmis tækifæri
 s.s. afmæli, jólahlaðborð og fundi*

Sími 660-1840



Aðalfundur Hjartaheilla Suðurlandi

Aðalfundur Hjartaheilla Suðurlandi verður haldinn **miðvikudaginn 29. október kl. 20:00** að Grænumörk 2, Selfossi.

Dagskrá:
 Venjuleg aðalfundarstörf

Björn Magnússon, yfirlæknir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, flytur erindi um lífsstílsvandamál tengd hjarta- og æðasjúkdómum.

Stjórn vonast eftir góðri fundarsókn og félagar sýni þannig í verki stuðning við félagsstarfið.

Kaffi og meðlæti í boði stjórnar.

*Með hjartans kveðju,
 stjórnin*

Vetrarljós

Þó framboð af uppskriftum og hugmyndum af margvíslegu handverki sé aðgengilegt í óteljandi bókum, á vefmiðlum og gangi manna á milli er sumt sem við fáum sifjellt óskir um. Eitt af því er uppskrift af heklaðri bjöllu á ljósaseríu, á íslensku, og hér er ein slík. Sýnishornið er heklað á heklunál nr. 2, úr Goldfinger sem fæst í mörgum litum en er hér í hvítu með marglitu gliti. Úr verður héluð áferð sem er falleg í ljósinu. Sérían er með 10 led-ljósum og fæst líka hjá okkur í Hannyrðabúðinni.

LI = loftlykkja, kl = keðjulykkja, fl = fastalykkja, st = stuðull, þst = þrefaldur stuðull, takki = 3 ll, fl í fyrstu ll.



1. umf. 8 ll og tengja saman í hring með kl.

2. umf. 1 ll og síðan fl + ll til skiptis utan um ll hringinn (hafa endann með. Þá er hægt að toga í hann síðar til að stilla af stærðina á gatinu en ljósaperu á séríunni er stungið þar í gegn). Fl eiga að vera alls 8 og bilin á milli 8 og endað er á kl undir fyrstu ll.

3. umf. Byrjað á 3 ll sem telja sem 1. st. Gerið annan stuðul í sama bil og síðan 2 st í hvert bil. Enda með kl undir efstu ll í byrjun umferðarinnar. (Telst sem fyrsta bil í næstu umferð) Samtals 16 st.

4. umf. 11 ll (fyrstu 5 gilda sem 1 þst), * fl í þarnæsta bil. 6 ll, þst í þarnæsta bil, 6 ll *. Endurtaka * - * x 2, 6 ll og kl í 5. ll.

5. - 8. umf. 9 ll (fyrstu 3 gilda sem st) * st í fl fyrri umf. 6 ll, st í þst fyrri umf. 6 ll *. Endurtaka * - * x 2, 6 ll og kl í 3. ll.

9. umf. 9 ll (fyrstu 5 gilda sem 1 þst), * st í 3. ll (af 6 úr fyrri umferð) takki, st í sama gat. 3 ll, fl í st fyrri umferðar. 3 ll st í 4. ll (af 6 úr fyrri umferð) takki, st í sama gat. 4 ll. Þst í st fyrri umferðar, takki, þst í sama gat. 4 ll *. Endurtakið * - * x 2.

St í 3. ll (af 6 úr fyrri umferð) takki, st í sama gat. 3 ll, fl í st fyrri umferðar. 3 ll st í 4. ll (af 6 úr fyrri umferð) takki, st í sama gat. 4 ll. Þst í st fyrri umferðar, takki. Enda á kl í 5. ll í upphafi umferðar. Slítið endann frá og dragið í gegnum lykkjuna. Gangið frá endanum. Vindið úr Stiffy og leggið til þerris yfir mót. Svo er bara að gera 9 stykki í viðbót.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Éyravegi 23, Selfossi // 555-1314



VISSir þú...



... að VISS er vinnu- og hæfingarstöð á Selfossi. Fyrirtækið hefur starfað frá 1982 og alla tíð verið staðsett á Selfossi, fyrst við Árveg 8 en frá 1993 í Gagnheiði 39 á Selfossi. Starfsmenn eru 54 þessa dagana. Árið 2004 var húsnæði okkar stækkað um heilan helling og hefur starfsemin í kjölfarið vaxið og dafnað. Það ár var einnig opnað útibú frá VISS í Þorlákshöfn þar sem 13 manns starfa.

Opnum á Selfossi á laugardaginn

Halló Selfossi!

Opnum á laugardaginn
nýja verslun á Selfossi.
Bjóðum upp á kaffi,
piparkökur og Svala
í tilefni dagsins.
Verið velkomin!



TIGER

Villidýr á verði • tiger.is

Það er gróska í samfélaginu hérna

Síðastliðinn föstudag sótti ritstjóri Dagskrárinnar Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóra Flóahrepps, heim á skrifstofu hreppsins í Þingborg þar sem tekið var stutt spjall um helstu verkefni sveitarfélagsins.

Ekki tekin króna í lán

Eydís sagði að stærsta viðfangsefni Flóahrepps um þessar mundir væri viðbygging og endurbætur við leikskólann á Þingborg. Þar væri í rauninni verið að endurbyggja gamla hlutann sem þurfti að loka vegna myglusvepps sem kom þar upp. „Það má segja að í öllum erfiðleikum liggi tækifæri því þetta varð m.a. til þess að það var farið í að rýna í aðstæður. Það varð heilmikið samtal hjá íbúunum um staðsetninguna og lokaniðurstaðan varð sú að velja þennan sama stað, þ.e. fara ekki með hann niður á Skólalolti þar sem Flóaskóli er, heldur að hafa hann hérna áfram,“ sagði Eydis. Gerður var samningur við fyrirtækið Jáverk á Selfossi upp á rúmar 130 milljónir sem felst í endurbótunum á gamla húsnæðinu og nýrri viðbyggingu. Eftir stækkun verður húsnæðið tæpir 600 fermetrar að stærð. „Þessa dagana erum við að taka ákvörðun um innréttingarnar. Það er heilmikill metnaður í gangi að ganga vel frá öllum hlutum og hafa þetta myndarlegt. Það er líka gaman að segja frá því að Flóamenn eru að byggja þennan leikskóla fyrir eigið fé. Það er ekki tekin króna í lán til að standa straum af þessu. Það á að flytja inn í leikskólann 1. febrúar þannig að menn eru bara metnaðarfullir í sambandi við það. Það gengur allt samkvæmt áætlun ennþá. Það er mikill kraftur í þessu,“ sagði Eydis.

Auk framkvæmdanna við leikskólann á Þingborg standa að auki yfir framkvæmdir í Flóaskóla. „Þar kom í ljós að þurfti að setja loftræstikerfi í byggingarnar allar í heild sinni. Það hafði verið byggt þar við í áföngum og svo kom bara í ljós þegar því var lokið að það þurfti að setja inn loftræstikerfi. Þær framkvæmdir eru í gangi núna og er kostnaður upp á um 27 milljónir. Það er stefnt að því að því ljúki á næstu vikum,“ sagði Eydis.

Bætt aðstaða við Urriðafoss

Heilmiklar framkvæmdir hafa staðið yfir við Urriðafoss í sumar, en þeim er að mestu leyti lokið. Flóahreppur fékk styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og í samráði við landeigendur niður á Urriðafossi var farið í miklar úrbætur. „Það var orðin þörf á að gera eitthvað þarna, því að ferðamönnum sem stoppa þarna hefur fjölgað mikið. Það má segja að athyglin sem þetta svæði fékk um leið og vegurinn færðist nær þ.e.a.s. neðar hafi gert Urriðafoss að vinsælli áningarstað. Fólk fer þarna aðeins út og fær sér ferskt loft og heldur svo áfram. Við giskum á að þarna komi hátt í 40.000 manns á ári. Stundum eru jafnvel upp í 7–8 rútur á föstudegi. Þarna komu inn rúmar 7 milljónir úr Framkvæmdasjóði sem voru nýttar til þess að jarðvegsskipta í göngustíga og gera nýja göngustíga niður með ánni á fallega útsýnisstaði þar sem fossinn liggur betur við til myndatöku. Þá var planið stækkað til þess að rúma fleiri bíla og auðveldastórum bílum að snúa við og ásyndin og aðkoman bætt. Búin voru til upplýsingaskilti, en það er búinn að



Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.

Ljósmynd: Örn Guðnason.

vera hópur af fólki að vinna saman að þessu verkefni sem er nánast búið,“ sagði Eydis.

Unnið að mótun atvinnustefnu

Eydís sagði að hjá sveitarstjórn væru ákveðnar vangaveltur um að taka heilstætt fyrir mótun atvinnustefnu fyrir svæðið og er ráðgjafi frá SASS að skoða möguleika í því sambandi. „Ég reikna með því að það verði unnið í samráði við hann og þá væntanlega með íbúafundum. Það er framundan líka að vinna heilstætt aðalskipulag fyrir sveitarfélagið í heild sinni. Það eru til gildandi aðalskipulög fyrir gömlu sveitarfélögin, en það á eftir að gera eitt heildstætt skipulag fyrir sveitarfélagið eftir að það var sameinað. Það er verkefni sem liggur fyrir. Mótun atvinnustefnu er í rauninni kannski bara eðlilegt hliðarverkefni við aðalskipulagsvinnuna. Það er alla vega einhver hluti af því og það má dýpka það verkefni sem nýtist til að fá framtíðarsýn,“ sagði Eydis.

Eydís minntist líka á að atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps tilnefndi alltaf býli og fyrirtæki til umhverfisverðlauna og að það væri stefnt á afhendingu þeirra núna á haustdögum.

Félagsheimilin mikið notuð

Félagsheimilin í Flóahreppi eru þrjú talsins, Félagslundur, Þingborg og Þjórsárver. „Það er gríðarlega mikil notkun t.d. á félagsheimilinu hérna í Þingborg. Þar er húsvörður í fullu starfi við að sjá um það verkefni, útleigu til alls konar veisluhalda, ráðstefna, þinga og funda. Niður í Félagslundu er líka húsvörður í hlutastarfi. Það er mikil notkun á því húsi líka en kannski ekki eins gríðarlega mikil og á Þingborg. Í Þjórsárveri er líka félagsheimili en það er komið að hluta til undir starfsemi Flóaskóla en var í útleigu á síðasta sumri til ferðapjónustuaðila hérna á svæðinu.

Það eru tjaldstæði tengd öllum þessum húsum þannig að þau eru sniðug ættarmótasvæði þegar sá árstími er. Annars erum við vel í sveit sett gagnvart þéttbýlinu til þess að koma með alls konar veislur og mannamót, sagði Eydis.

Eydís sagði að rekstrarstjórn félagsheimilanna hefði undanfarin haust séð um viðburði í félagsheimilunum á svokallaðri Tónahátíð. Nú væru framundan breytingar þar sem til stæði að hafa viðburðina meira jólatengda og halda í staðinn röð af jólatónleikum.

Grasrótin er virk

„Fólk er mikið að velta fyrir sér sameiningu ungmennafélaganna hérna í Flóahreppi. Það var m.a. haldinn fundur um þau mál um daginn. Þetta er ekki tilkomið af því að félögin sem fyrir eru séu dauð. Það eru þrjú félög hérna, Baldur, Samhyggð og Vaka, sem eru mjög skemmtilega virk. Það eru íþróttæfingar í gangi fyrir krakkana í hverri viku. Það eru einnig skákæfingar og þessu er svolítið dreift á húsinn. Þetta fer aðeins inn í skólana líka. Það kom mér skemmtilega á óvart þegar ég kom hérna hvað grasrótin er virk. Það sem þau eru að hugsa í þessum þremur félögum er kannski að nýta betur starfskraftana sem standa í þessu þannig að það séu ekki allir að fást við það sama í rauninni. Ungmennafélagsandinn á líka að tryggja það að það séu sem flestir virkjaðir ef maður hugsar bara um það. Þetta er svolítið góð þæling. Eitt af því sem félögin eru að gera er að þau gefa út í hverjum einasta mánuði blað sem heitir Áveitan. Þar sést vel á útgáfunni að það er gróska í samfélaginu,“ sagði Eydis.

„Kvenfélögin eru líka mjög virk hér í Flóahreppi og eru partur af grasrótinni. Þær eru um þessar mundir að undirbúa uppákomu sem á að vera hérna í Þingborg 7. nóvember. Það verður kaffihúsa-stemning og basar. Allur ágóði rennur til styrktar Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Það eru þessir góðu hlutir í grasrótinni sem mér finnst svo mikilvægt að muna eftir. Við þurfum að hampa því svolítið meira, því ef enginn tekur eftir því þá minnkar áhuginn,“ sagði Eydis.

Vantar úrbætur í samgöngumálum

Flóahreppur varð til árið 2006 þegar þrjú sveitarfélög sameinuðust, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur og Villingaholtshreppur. „Ég veit að sveitungum finnst enn vanta efndir í sambandi við úrbætur í samgöngumálum miðað við það sem var talað um þegar ákveðið var að stíga þetta skref. Það hafa verið umræður um þessi mál í sumari t.d. um Hamarsveg. Við erum búin að senda erindi til þingmanna og búin að hitta Vegagerðina, en það skortir bara fjármagn. Það þarf virkilega að bæta úr þarna því að uppbyggingin á samgöngukerfinu í dag miðaðist við svolítið annað heldur en var áður en sveitarfélagið var sameinað. Þegar búið er að taka ákvörðun um að hafa skóla á einum stað og leikskóla á einhverjum öðrum stað þá byggir það á því að allar samgönguæðarnar séu nýtilegar sem þarf til þess að hafa sem styðstu vegalengdirnar í grunnþjónustuna, sagði Eydis.

Horft til framtíðar

„Ég kom ný hingað eftir kosningarnar í vor, það er nýr oddviti, nýr skólastjóri og nýr kjarni í meirihlutunum, þannig að það gefur okkur kannski leyfi til að spá og spekulera og skoða hluti kannski upp á nýtt. Ég held að í rauninni í kringum þessa vinnu við atvinnustefnuna, ef hún kemst á koppinn, að þá sé tækifæri til að horfa svolítið til framtíðar með opnum huga,“ sagði Eydis.

Viðtal: Örn Guðnason.

Viltu hafa áhrif á þjónustuna við fatlað fólk á Suðurlandi?

Sameiginlegt þjónustuvæði um þjónustu við fatlað fólk er myndað af 13 sveitarfélögum á Suðurlandi og mynda félagsþjónustuvæðin þrjú, grunneiningar þjónustuvæðisins.

Notendaráð um málefni fatlaðs fólks á þjónustuvæði Suðurlands óskar eftir fulltrúum í ráðið.

Frá desember 2012 hefur verið starfandi notendaráð á Suðurlandi sem skipað er notendum þjónustunnar, fulltrúa Proskahjálpar og fulltrúa þjónustuvæðisins.

Markmið ráðsins er að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og öðrum hagsmunamálum sínum í því sveitarfélagi sem það býr. Hlutverk notendaráðs er m.a. að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir, fylgjast með stefnumótun og þróun þjónustunnar og vera talsmaður fatlaðs fólks á þjónustuvæðinu.

Fulltrúar ráðsins eru skipaðir til tveggja ára í senn. Reglulegir fundir ráðsins eru einu sinni í mánuði. Ekki er greitt fyrir setu í ráðinu.

Leitast er við að ráðið sé skipað fólki með ólíkar þarfir vegna skerðingar sinnar og eru þeir sérstaklega hvattir til þátttöku sem telja sig ekki fá áheyrn vegna þjónustunnar við sig.

Hafir þú áhuga á að taka þátt þá vinsamlegast hafið samband við Sigríði Elínu Leifsdóttur ráðgjafarproskahjálfa Þjónustaráðs, sem einnig veitir frekari upplýsingar. Sími 480 1900 eða á netfangið sigridurelin@arborg.is.

Afmælistónleikar

Þorvaldur - Á sjó - 70 ára 29. október

Í Grafarvogskirkju kl. 20.30



Helena Eyjólfsdóttir Þorvaldur Halldórsson Þorvaldur Þorvaldsson
Kristjana Stefáns, Gísli Magna, Aðalheiður Þorsteins,
Páll Magnússon, Margrét Scheving

Gunnar Gunnarsson píanó - hljómborð, Sigurður Flosason Sax - Klarinett, Jón Rafnsson Bassi,
Jón Elvar Hafsteinsson Gítar, Hannes Friðbjörnsson Trommur

Miðaverð kr. 3.900.00

Miðasala á Miði.is

»DFS.is
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



– NÝTT Á SUBWAY –

Elskaðu spínat

– GRÆNA BYLTINGIN –

Nú getur þú sett spínat á bátinn þinn - frítt



NÝTT

Spínat er
á boðstólum
í takmarkaðan
tíma

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.™

Afmælistónleikar Þorvaldar Halldórssonar

Af tilefni 70 ára afmælis ætla Þorvaldur Halldórsson að halda afmælistónleika í Grafarvogskirkju miðvikudagskvöldið 29. október kl. 20:30.

Þar mun hann rifja upp helstu lögin af ferli sínum, allt frá fyrsta laginu sem hann söng opinberlega, lögin með hljómsveit Ingimars Eydal, til laga sem hann hefur samið og sungið allt til dagsins í dag. Þorvaldur hefur fengið valinkunna söngvara og hljóðfæraleikara til liðs við sig. Skal þar fyrst nefna Helenu Eyjólfssdóttur, en þau munu rifja upp nokkra dúetta og fleira. Einnig syngja Þorvaldur sonur hans, Kristjana Stefáns, Gísli Magna og Alla Þorsteins. Þá munu Margret kona hans og Páll Magnússon líka taka lagið með honum.

Í hljómsveitinni verða: Gunnar Gunnarsson, píanó, hljómborð; Jón Rafnsson, bassi; Sigurður Flosason, sax, klarinett; Jón Elvar Hafsteinsson, gítar og Hannes Friðbjarnarson, trommur. Miðaverð er kr. 3.900.- og forsala á midi.is.



Þorvaldur Halldórsson sem m.a. er þekktur fyrir lagið „Á sjó“ heldur afmælistónleika í Grafarvogskirkju 29. október.



Bildshófi 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnu eftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is

Vinnueftirlitið óskar að ráða eftirlitsmann til starfa við véla- og tækjaeftirlit á Suðursvæði

Helstu verkefni eru:

- Vinnuvéla- og tækjaeftirlit, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Fræðsla á námskeiðum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tæknimenntun, t.d. vélfræði- eða iðnmenntun (vél-virkjun/bifvélavirkjun)
 - Þekking og reynsla sem nýtist í starfi sem þessu, s.s. vinna við stjórn og/eða viðgerðir vinnuvéla
 - Skipulagshæfni, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
 - Sveigjanleiki og mikil hæfni í mannlegum samskiptum
 - Góð íslenskukunnátta og þjálfun í framsetningu ritaðs máls
 - Kunnátta í ensku og/eða Norðurlandamálum
- Tölvufærni
Reynsla af fræðslu- og kynningarstarfi kostur

Um er að ræða 100% starf með aðsetur á nýrri skrifstofu Suðursvæðis á Selfossi. Eftirlitssvæðið nær yfir Suðurland og felur starfið því í sér nokkur ferðalög. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Vinnueftirliti ríkisins Sunnumörk 2, 810 Hveragerði eða í tölvupósti á netfangið (sudur@ver.is) fyrir 10. nóvember nk. Umsóknareyðublað er ekki notað. Nánari upplýsingar um starfið fást hjá Gísla Rúnari Sveinssyni svæðisstjóra (gisli@ver.is), sími 550 4679 eða 892 7599 eða Magnúsi Guðmundssyni deildarstjóra vinnuvéladeildar (mg@ver.is), sími 550 4600 eða 891 7622.

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna. Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu www.vinnueftirlit.is.




Ráðstefna á Hótel Vík mánudaginn 27. október Katla jarðvangur – Horft til framtíðar

DAGSKRÁ

- 11.00 Fundarsetning:
Eiríkur Vilhelm Sigurðsson forstöðumaður Kötluseturs
- 11.05 Aðdragandi og upphaf Kötlul jarðvangs:
Steingerður Hreinsdóttir rekstrarstjóri Kötlul jarðvangs
- 11.20 Forvitnir ferðalangar og lesturinn í litbrigði jarðar:
Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri
- 11.40 Í ríki Kötlul – jarðvangur eldgosa og jökulhlaupa:
Magnús Tumi Guðmundsson prófessor í jarðeðlisfræði
- 12.10 Hádegisverður
- 13.00 Af hverju jarðvangur – sjónarhorn annarra jarðvanga eða tilvonandi jarðvanga:
Edda Arinbjarnar verkefnisstjóri Sögu-jarðvangs og
Eggert Sólberg Jónsson verkefnisstjóri Reykjaness-jarðvangs
- 13.30 Hvað hefur áunnist í Kötlul jarðvangi?
Rannveig Ólafsdóttir og Jóna Björk Jónsdóttir sérfræðingar hjá Kötlul jarðvangi
- 14.00 Ferðapjónusta í Kötlul jarðvangi - Hvert stefnum við? Hvert viljum við stefna?
Æsa Gísladóttir eigandi Vik Hostel
- 14.15 Skiptir Katla jarðvangur ferðapjónustuna máli?
Björg Árnadóttir framkvæmdastjóri South Iceland Adventure
- 14.30 Hvar liggja tækifæri í nýsköpun í Kötlul jarðvangi að mati ferðapjónustuaðila á svæðinu?
Guðlaug Ósk Svansdóttir ferðamálafræðingur
- 14.50 Kaffi og umræður
- 15.45 Hvað er framundan hjá Kötlul jarðvangi?
Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands
- 16.00 Fundi slitið

EFTIR FUND VERÐUR HIÐ SÖGUFRÆGA SKIP SKAFTFELLINGUR SKOÐAÐUR OG BOÐIÐ UPP Á SNARL ÚR HÉRAÐI.



Gjafatré fyrir jólin 2014

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir grenitrijám úr heimagörðum, sem íbúar þurfa að losa sig við og gætu nýst sem torgré. Við komum á staðinn og metum hvort trén eru nothæf og verða þau þá fjarlægð viðkomandi að kostnaðarlausu.

Vinsamlegast sendið póst á birna@arborg.is eða hafið samband við umhverfisdeildina í síma 480 1900.

Sveitarfélagið Árborg

Okkur vantar ábyrga einstaklinga til að vera persónulegir ráðgjafar og liðveitendur

Hvað gera persónulegir ráðgjafar og félagslegir liðveitendur?

Persónulegir ráðgjafar eru fengnir á vegum barnaverndarnefndar til að veita barni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja barnið félagslega og tilfinningalega svo sem í sambandi við tólmstundir, menntun og vinnu. Starfið snýr fyrst og fremst að barninu sjálfu og því þurfa umsækjendur að hafa gaman af því að vera með börnum, þekkja áhugamál þeirra og geta hlustað á og tekið þátt í því sem þau eru upptekin af.

Félagsleg liðveisla er fyrir fatlaða einstaklinga sem þurfa persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs. Unnið er með einstaklingum sem eru með fötlun og eru á aldrinum 6-66 ára. Starfið er að mörgu leyti svipað og starf persónulegs ráðgjafa nema að unnið er með einstaklingum sem eru með fötlun.

- Ekki er gerðar menntunarkröfur til persónulegra ráðgjafa og liðveitenda en umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri, ábyrgir og jákvæðir. Persónulegir ráðgjafar þurfa að hafa áhuga á að vinna með börnum og hafa gott fyrirmyndargildi fyrir þau og liðveitendur þurfa að hafa áhuga á að vinna með einstaklingum með fötlun og hafa góða félagslega færni.
- Æskilegt er að umsækjendur séu með bílpróf, hafi aðgang að bíl og séu reyklausir.
- Um er að ræða tímabundið hlutastarf.
- Einstaklingar sem njóta persónulegrar ráðgjafar og liðveislu fá allt að 20 klst. í þjónustu á mánuði.
- Persónulegir ráðgjafar og liðveitendur taka laun sín frá því sveitarfélagi þar sem þeir starfa og gilda launakjör samkvæmt kjarasamningum FOSS, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi. Um er að ræða yfirvinnukaup, að lágmarki 2.519 kr. á tímann utan orlofs.
- Nánari upplýsingar um störf veita starfsmenn Velferðarþjónustu Árnesþings sem staðsettir eru á þremur starfsstöðvum; Hveragerði, Ölfusi og Laugarási.
- Umsóknareyðublöð liggja frammi á starfsstöðvum en einnig inni á www.arnesthing.is undir **Velferðarþjónusta » Eyðublað og reglur**. Þar má einnig finna eyðublað fyrir heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Eyðublaðum skal skilað á pappírsmáli.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin

13%

afsláttur

Kjúlíngabringur, erlendar

1998 kr. kg

verð áður 2298

26%

afsláttur

SS grískt lambalæri

1698 kr. kg

verð áður 2298

15%

afsláttur

Búrfells taðreykt hangialegg, 143 g

499 kr. pk.

24%

afsláttur

Dala Brie, 150 g

449 kr. stk.

42%

afsláttur

Sigdal hrökkbrauð, 3 teg., 220 g

508 kr. pk.

verð áður 598

24%

afsláttur

MS Engjabykkni, 2 teg., 150 g

149 kr. stk.

24%

afsláttur

Íslenskar rófur

249 kr. kg

verð áður 329

42%

afsláttur

Ferskar perur

199 kr. kg

verð áður 349

25%

afsláttur

Pepsi og Pepsi Max, 4x2 lítrar

899 kr. pk.

25%

afsláttur

Fanta orange, 2 lítrar

298 kr. stk.

verð áður 399

27%

afsláttur

Neutral þvottaefni, Stovask, 1,28 kg

799 kr. pk.

verð áður 1099

25%

afsláttur

Góu Prinsbítar, 200 g

298 kr. pk.

Sjá opnunartíma á www.kjarval.is

Klaustur // Vík // Hvolsvöllur // Hella // Þorlákshöfn // Vestmannaeyjar

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og óska myndabreytingu. Gildir frimudaginn 23. október - sunnudaginn 26. október 2014.

Hlađborđ

**Frá 21. nóvember til 21. desember,
um helgar (föstudaga og laugardaga)
verður Hótel Borealis með eftirfarandi:**

Reyktur lax, graflax, fyllt egg, fiskipate. salat, rækjur í blaðlaukskreminu, nautalundi, lambalæri, hamborgarhryggur, skorið fyrir hvern og einn inni í sal, steiktur kartöflur, rjómasoðið grænmeti, brauð, smjör, rauð-vínssósa, gráðastósósa og sinnepssósa.

Aðeins kr. 6.900 / mann.

Ath: Þátttaka minnst 20 manns

Hótel Borealis

Efri-Brú Grímsnesi

Sími: 561 3661
matti@hotelborealis.is



Rauði krossinn
Árnessýslu

Basar handavinnuhóps RKÍ í Árnessýslu verður haldinn laugardaginn 25. október frá kl. 10 til 16 að Eyravegi 23, Selfossi.

Glæsileg handavinna á góðu verði.

Tilvalið í jólapakkann.

Posi á staðnum.



Hausttónleikar Karlakórs Hreppamanna



Karlakór Hreppamanna heldur hausttónleika í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 28. október kl. 20.30. Stjórnandi kórsins er Edit Molnár og píanóleikari Miklós Dalmay.

Tónleikarnir eru þrjúþættir. Í fyrsta lagi saknar kórinn vinar og vill með söng minnst bóndans, náttúru- og mannvinarins Sigurðar Steinþórssonar frá Hæli, sem fyllti tenórinn með sinni fallegu rödd undanfarinn áratug. Sigurður lést 24. september síðastliðinn.

Í öðru lagi er kórinn ákaflega stoltur af ungum og efnilegum félaga sem er að hasla sér völl meðal einsöngvara. Guðmundur Karl Eiríksson, barítón, mun syngja nokkur einsöngslög en hann hóf nám við Söngskólann í Reykjavík haustið 2011 og hafði þá áður sótt söngtíma hjá Stefáni Þorleifssyni. Hann stundar nú nám á framhaldsstigi við söngskólann og hefur frá upphafi verið nemandi Garðars Thórs Cortes. Hann hefur tekið



Guðmundur Karl Eiríksson syngur nokkur einsöngslög með kórnum.

þátt í nokkrum uppfærslum Nemendaóperu Söngskólans og sungið þar einsöngshlutverk, einnig söng hann hlutverk Barone greifa í uppfærslu á La Traviata í Hörpu núna í haust.

Að lokum mun kórinn syngja sjómannalög og hnýta með því endahnút á dagskrána „Nú sigla svörtu skipin“.

Aðgangseyrir á tónleikana er kr. 2000.

Dagur sauðkindarinnar á Hvolsvelli

Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu sá um Dag sauðkindarinnar í Skeiðvangi á Hvolsvelli laugardaginn 18. október sl. Var þetta jafnframt í 7. sinn sem dagurinn er haldinn. Á sýninguna komu efstu hrútar úr sýningum í hverri sveit milli Þjórsár og Markarfljóts og voru dæmdir upp á nýtt.

Efstu lambhrútar:

1. sæti: Nr. 78 frá Tjaldhólum með 37,5 stig fyrir BML og 89 heildarstig. F: Stikill Næfurholt.
2. sæti: Nr. 118 frá Álfhólum með 37,5 stig fyrir BML og 88 heildarstig. F: Svalur Álfhólum.
3. sæti: Nr. 31 frá Tjaldhólum með 37 stig fyrir BML og 88,5 heildarstig. F: Stikill Næfurholt.

Efstu veturgamlir hrútar:

1. sæti: 13-334 Álfur frá Djúpadal með 37 stig BML og 87 heildarstig F: Styrkur Álfhólum.
2. sæti: 13-301 Kristall frá Búð með 36 stig BML og 87 heildarstig. F: Birkir Bjarnastöðum.
3. sæti: 13-082 Pistill frá Austvaðsholti með 37 BML og 88 heildarstig. F: Púki Bergstöðum.



Verðlaun fyrir efstu 5 vetra ána og besta búði. Erlendur Ingvarsson og Berglind Guðgeirsdóttir í Skarði.



Svipmyndir af gestum. F.v.: Rökkvi Hljómur Kristjánsson Hólum, Hjalti Ófeigsson Næfurholti, Klara Hallgerður Haraldsdóttir Kaldbak, Sverrir Haraldsson Selsundi, Muggur Sverrisson Selsundi, Geir Ófeigsson Næfurholti, Brynjar Gísli Stefánsson Þjóðólfsaga.

Efstu gimbrar:

1. sæti: Nr. 294 frá Teigi 1 með 9,5 fyrir framt, 19,5 læri.
2. sæti: Nr. 59 frá Hemlu með 9,5 fyrir framt, 19,5 læri.
3. sæti: Nr. 120 frá Kaldbak með 9 fyrir framt, 19 læri.

Gestir völdu litfegursta lambið og var valin svartfleckótt gimbur frá Bergi Guðgeirssyni Hellu. Verðlaun voru veitt fyrir 5 vetra ær sem standa eftar í kynbótamati í sýslunni. Efsta 6 ærnar voru frá Skarði. Efsta ærin var 09-035 frá Skarði með 119,8 stig. Veitt voru verðlaun fyrir þyngsta dilk úr sýslunni lagðan inn hjá SS nú í haust. Hann var frá Sigurði Sigurðarsyni Þjóðólfsaga og vó 32,7 kg. Þá var útnefnt ræktunarbú Rangárvallasýslu 2013 Skarð í Landsveit.

Styrktaraðilar sýningarinnar voru KS og SS sem gaf gestum kjötsúpu og Ítaliúlæri fyrir þyngsta dilkinn. Aurasel og Föðurblandan lánuðu grindur. Verðlaunagripir voru útskornir af Ragnhildi Magnúsdóttur í Gýgjarhólskoti og mynd máluð af Gunnhildi Jónsdóttur Berjanesi. Maja í Skinnhúfu sýndi



Efsta lambgimbur frá Guðna Jenssyni og Örnú Dögg Arnþórsson í Teigi.



ullarvinnslu. Í lokin voru boðin upp 3 lömb sem voru gefin til að standa undir kostnaði og einnig einn forystuhrútur. Gestir á sýningunni voru um 300.



Þrír efstu lambhrútar. Guðni Steinarr Guðjónsson Tjaldhólum heldur í þann sem efstur stóð, þá er það Sara Ástþórsdóttir Álfhólum með hrút nr. 2 og síðan Ragnar Rafael Guðjónsson Tjaldhólum með hrút nr. 3.



Ræktandi og eigandi efsta veturgamla hrútsins: Sara Ástþórsdóttir Álfhólum ræktandi og Lilja Sigurðardóttir í Djúpadal eigandi



Litfegursta lambið að mati gesta. Jón Óli Guðgeirsson á Hellu einn eigenda þess heldur í það

Að sjá hluti í nýju ljósi - Erindi í boði Fræðslunetsins

Í tilefni af 15 ára afmælis Fræðslunetsins verður boðið uppá erindi með Andra Snæ Magnasyni rithöfundinum í Fjölheimum Selfossi fimmtudaginn 23. október kl. 19:30. Fyrirlesturinn, sem er jafnframt fjárfundur á Hvolsvelli, Vík, Kirkjubæjarklaustri og Höfn, kostar ekkert en það þarf að skrá sig í síma 560 2030 eða á fraedslunet.is.

Andri Snær Magnason hefur komið víða við á ferli sínum. Hann hefur skrifað ljóð, leikrit og samið skáldsögur og barnabækur. Sem fyrirlesari hefur hann sýnt hæfileika til að sýna heiminn í nýju ljósi, orða flókna hluti á einfaldan hátt og

hræra upp í staðnaðri hugsun. Umhverfismálin verða stærstu málin sem mannkynið mun glíma við á þessari öld, til þess að mæta þeim vanda þarf ekki aðeins hugarfarsbreytingu heldur heilmikla skapandi hugsun.



Andri Snær Magnason heldur fyrirlestur í Fjölheimum fimmtudaginn 23. október.

UniJon með kyrrðartónleika í Lágafellskirkju



Söngvaskáldin Uni og Jón Tryggvi sem kalla sig UniJon bjóða uppá rólega og notalega stemningu á Menningarveislu Mosfellsbæjar sunnudaginn 26. október nk. kl. 20:00. Seinasta vetur voru þau á tónleikaferð um Evrópu, þar sem þau hafa kynnt plötuna sína Morning Rain. Uni og Jón Tryggvi gáfu bæði út sólóplötur árið 2009, en hafa síðan samið og spilað

sem dúett. UniJon hafa verið rómuð fyrir ljúfsára og notalega stemningu, en tónlist þeirra er á rólegu, þjóðlegu og rómantísku nútunum.

UniJon bjóða uppá Kyrrðartónleika þar sem fólki gefst kostur á að slaka á og sleppa tökunum á amstri hversdagsins og eiga notalega stund í Lágafellskirkju á Menningarveislu Mosfellsbæjar.

Afmæli

Ættingjar og vinir
Í tilefni 70 ára afmælis míns þann 1. nóvember nk. verður opið hús frá kl. 15 heima í Bjarkarhlíð.

Verið hjartanlega velkomin.

Anna Magg



Árnesingar, sjálfboðaliðar, félagar í Rauða krossinum og aðrir gestir

Bestu þakkir fyrir góð viðbrögð og þátttöku í æfingunni *Eldað fyrir Ísland* sem haldin var um síðustu helgi. Æfingin heppnaðist vel, en hún fór þannig fram að almenningi var boðið í kjötsúpu sem elduð var af félögum í klúbbi matreiðslumeistara. Allt hráefni grænmeti og lambakjöt var í boði framleiðenda. Súpan var borin fram í Vallaskóla á Selfossi sem er

fjöldahjálparmiðstöð Rauða krossins, en sjálfboðaliðar Rauða krossins settu upp fjöldahjálparmiðstöð í skólanum. Æfingin var vel sótt og erum við öll reynslunni ríkari.

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

*F.h. Árnessýsludeildar
Rauða kross Íslands
Guðmundur Bjarnason*



Okkar innilegustu þakkir til allra er sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns og föður okkar

RAGNARS ÞÓRÐARSONAR.

Aðstandendur vilja koma á framfæri sérstöku þakklæti til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi og Karlaðs Selfoss fyrir veittan stuðning og hlýhug.

**Ragnhildur Einarsdóttir,
börn og aðrir aðstandendur.**



30. október til
2. nóvember 2014

Safnahelgi á Suðurlandi

Sjá dagskrá á www.sudurland.is



Opnunarhátíð fimmtud. **30. október kl. 16-18**
í Versölum, ráðhúsinu í Þorlákshöfn



Ljósritun og gormun meðan beðið er!



Barnagleraugu frá 0 kr. (Já, þú last rétt!)

Nú er veturinn framundan og mikilvægt að barnið þitt sjái vel á töfluna í kennslustofnunni og eigi auðvelt með að lesa námsefnið í skólabókunum.

Öll börn upp að 18 ára aldri eiga rétt á endurgreiðslu frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð vegna gleraugnakaupa. Þú getur fengið gleraugu hjá okkur á endurgreiðsluverði miðstöðvarinnar.

Starfsfólk Augastaðar tekur vel á móti barninu þínu og aðstoðar við val á umgjörðum.

Velkomin í Augastað.



augastaður

Gleraugnaverslunin þín

MJÓDDIN
Álfabakka 14
Sími 587 2123

FJÖRÐUR
Fjarðargötu 13-15
Sími 555 4789

SELFÖSS
Austurvegi 4
Sími 482 3949



Sölufulltrúi

Würth á Íslandi óskar eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan sölufulltrúa til starfa á suðurlandi. Würth samanstendur af rúmleg 400 fyrirtækjum í 84 löndum. Og þar starfa yfir 65.000 manns. Þjónusta okkar byggist á heimsóknum til viðskiptavina sem eru skipulagðar á viku til mánaðar fresti. Í hverri heimsókn einbeitem við okkur að heildarlaun fyrir hvern viðskiptavinahóp auk þess að fara yfir helstu söluvörur. Við vinnum undir merkjum „fagfólk velur Würth“

Starfssvið:

Heimsóknir til viðskiptavina og skipulagning sölufæðra
Sala á rekstrarvörum og verkfærum til viðskiptavina
Frágangur pantana

Menntun og hæfniskröfur:

Lönnmenntun kostur
Þekking á vörum Würth kostur
Reynsla af sölustörfum er skilyrði
Vilji og metnaður til að ná árangri
Sjálfstæði í vinnubrögðum

Við bjóðum:

Árangurstengd laun
Bífreidd til afnota, farsíma og tölvutengingu heima.
Góðan starfsanda
Fjölskylduvænt fyrirtæki

Umsjón með starfsumsóknnum hefur
Róbert H Hnífssdal Halldórsson sölustjóri robert@wurth.is
Umsækendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir í tölvupósti með ferilskrá og mynd.
Umsóknarfrestur er til 6. nóvember.

Jóla kort Lionsklúbburinn Embla



Tíminn líður og nú nálgast jól og allt sem þeim fylgir, jóla kort og gjafir.

Eins og undanfarin ár selur Lionsklúbburinn Embla jóla kort fyrir jólin og nú eins og alltaf er myndin á kortinu teiknuð af Jóni Inga Sigurmundssyni, sem leggur okkur lið með nýrri mynd fyrir hver jól, hver annarri fallegri. Emblukonur verða með kort til sölu á ýmsum stöðum fyrir jólin, eins og verið hefur. Vonum við að Árborgarar,

og aðrir nærsveitungar leggi okkur lið eins og undanfarin ár, allt rennur þetta til líknarmála í nærumhverfi okkar, og er ánægjulegt að geta lagt góðum málum lið. Sl. ár fór allur hagnaður af kortasöluinni til kaupa á Lucas-hjartahnoðtæki til að hafa í sjúkrabíl HSu, sem við og fleiri Lionsklúbbar af svæðinu gáfum.

Njótið aðventunnar sem framundan er.

Vinningar í happdrætti góðgerðarviku FSu

Vinningsmiðar í happdrætti góðgerðarviku FSu voru númer 2, 20, 35, 105 og 276.

Vinningshafar geta haft samband við Halldóru Írisi í síma 661 5439.

Skólamenningin er verk margra - Haldið upp á 10 ára afmæli Sunnulækjarskóla

Sunnulækjarskóli á Selfossi shélt í liðinni viku opið hús í tilefni þess að tíu ár eru frá stofnun skólans. Fjöldi fólks m.a. foreldrar og velunnarar skólans mættu og skoðuðu margt skemmtilegt sem nemendur og kennarar höfðu sett upp í tilefni afmælisins. Skólastjórinn, Birgir Edwald, var á þönum eins og aðrir starfsmenn skólans en gaf sér nokkrar mínútur til að setjast niður með ritstjóra Dag-skrárinna og greina frá því helsta sem tengist þessum tímamótum í starfi skólans.

mætti tína til,“ sagði Birgir.

Birgir sagði að skólinn ætti engan sérstakan skilgreindan afmælisdag, en Sunnulækjarskóli var settur 23. ágúst 2004. Hann sagði einnig að það væri ekki heppilegt dagsetning fyrir afmælisdag þannig að þau hefðu valið að halda upp á tímamótin í október.

Margt að gerast

Birgir sagði að það væri fjölmargt í gangi í kringum afmælið. Nemendur og þá sérstaklega þeir eldri hefðu

nemendur haldið úti útvarpsstöð Útvarp Sunnulækjarskóli á FM89,9. Það hefur tekist feikivel og er skemmtilegt,“ sagði Birgir.

Unnið saman í teyllum

„Þær línur sem lagðar voru í upphafi eru þær sömu og við erum að vinna eftir í dag. Auðvitað hefur myndin styrkst og skýrst eftir því sem þessu hefur undið fram og við náð betri tökum á því að vinna með þessum hætti. Strax í upphafi settum við niður stutta grein sem við kölluðum grundvöll Sunnu-



Birgir Edwald skólastjóri Sunnulækjarskóla ásamt nokkrum nemendum á opnu húsi skólans.

Í dag eru 566 nemendur í Sunnulækjarskóla en Birgir sagðist reikna með að þeir yrðu orðnir 570 fyrir áramót og að búist sé við að það verði um 610 nemendur á næsta ári. Um 100 starfsmenn eru í skólanum þegar allt er talið þó það sé ekki svo mörg stöðugildi. Kennarar eru um 50.

Margir sem móta menninguna

„Með því að opna húsið viljum við sýna sem best það samfélag sem hér hefur tekist að skapa. Þetta er samfélag nemenda, foreldra og starfsmanna skólans. Við erum afskaplega ánægð með þá menningu sem hér ríkir. Hún er ekki verk neins eins heldur allra þeirra sem hafa komið að því að móta menninguna á þessum tíu árum, ekki síst foreldra því að jákvæðni og velvilji þeirra skilar sér svo vel inn í skólastarfið, bæði í gegnum nemendur og eins beint í gegnum það sem þau eru að gera. Í síðustu viku var stór bekkja-tenglafundur sem foreldrafélagið hélt með fyrirlesara frá Heimili & skóla. Í vikunni áður var 160 manna fundur sem foreldrafélagið hafði forgöngu um að koma á þar sem fjallað var um vináttu barna. Þetta var frábær fundur. Svo er margt fleira sem

fengið talsvert frelsi um það hvernig og að hvaða verkefnum þeir vildu vinna. Til dæmis hefðu nemendur búið til kynningarbás til að kynna *Uppeldi til ábyrgðar* eða uppbyggingarstefnu skólans og hvernig hún virkar. Þeir væru með greiningartæki til að greina persónuleika foreldra á svipaðan hátt og persónuleiki starfsmanna og nemenda væri greindur. Nemendur hefðu einnig búið til alls kyns líkón og plaköt með tölfraði um það hvernig skólinn hefði stækkað og þróast.

„Svo eru líka sýnishorn af því hvernig við vinnum í þeim námsgreinum sem við erum að fást við frá degi til dags. Nemendur í 6. bekk sýndu hvernig enskunámið þeirra fer fram og nemendur í unglingadeild hvernig náttúrufræðikennslan fer fram. Þá settu nemendur upp sýnishorn af amboðunum okkar. Amboðin eru reglur um hvernig við stöndum að ýmsum hlutum, allt frá því að skrifa ritgerð eða flytja mál yfir í það hvernig við förum að því að hlusta. Þetta eru einfaldir reglur sem við notum frá 1. bekk, þar sem þetta er fyrst í einföldu formi og svo smá saman verður þetta flóknara og dýpra eftir því sem þau eldast. Nemendur tóku sig til og bókðu og settu upp kaffistofu til þess að taka á móti gestum. Einnig hafa

lækjarskóla og í framhaldi af því bjuggum við til leiðarljós. Þessir hlutir standa nánast óbreyttir. Það sem er kannski lykillinn og sérstaðan í Sunnulækjarskóla er hversu vel hefur tekist að skapa teymi starfsmanna þar sem að kennararnir vinna saman, tveir, þrír, fjórir, í teyllum, með kannski 60 nemendum. Þá vinna þeir ekki bara saman í undirbúningi heldur kenna þeir líka í teyllum þannig að þeir eru sífellt að spegla sig í hver öðrum. Þeir geta talað saman, þeir ígrunda hvað gengur vel og hvað við getum gert öðruvísi. Það skapast eðlileg samræða um það hvernig við getum komið betur til móts við þennan eða hinn og hvað mætti gera betur. Sú aðstaða sem okkur er búin í húsinu hefur styrkt þróun þessara kennara-teyma. Það hefur sett alla starfsþróun í annan gir og þetta hefur verið að skila sér inn á þessum tíu árum. Þó að ég hafi sagt að við séum í rauninni að vinna með sama hætti og við gerðum í upphafi þá hefur auðvitað heimikið breyst og við höfum náð tökum á ýmsum hlutum sem við kannski náðum ekki alveg tökum á í fyrstu,“ sagði Birgir að lokum.

Viðtal/ljósmynd: Örn Guðnason.

Óskum eftir sölumanni á vörum til bænda



Bú Aðföng

Stórólfsvelli,
860 Hvolsvöllur
Sími 487-8888
www.bu.is

Hæfniskröfur:

- Tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður
- Reynsla af sölustörfum æskileg

Með umsókn skal fylgja:

- Upplýsingar um menntun og fyrri störf
- Listi yfir 2-3 meðmælendur

Umsóknarfrestur er til
3. nóvember 2014
og skal senda umsóknir
á netfangið.sala@bu.is

Sunnulækjarskóli 10 ára

Í tilefni af 10 ára afmæli Sunnulækjarskóla á Selfossi var haldið opið hús fimmtudaginn 16. október sl. þar sem öllum var boðið að koma og skoða skólann og verkefni nemenda. Fjöldi foreldra og aðstandenda, ásamt ýmsum velunnurum heimsótti skólann þennan dag. Myndirnar hér á síðunni tók Örn Guðnason.



Sveitt að safna peningum

Málþing HSK
um fjármál hreyfingarinnar

Selinu á Selfossi

miðvikudaginn 29. október kl. 18:00–21:00.

Dagskrá:

18:00	Setning. Guðriður Aadnegard, formaður HSK.
18:05	Samstarfssamningar íþróttafélaga og sveitarfélaga Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Árborgar. Örn Guðnason, varaformaður HSK. Umræður og fyrirspurnir.
18:45	Getraunastarf – skemmtileg leið til fjáröflunnar Pétur Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri getraunadeildar Íslenskra getrauna. Umræður og fyrirspurnir.
19:20	Matarhlé – matur í boði HSK
19:50	Hvernig ná félög í styrktar- og samstarfaðila? Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri landsmóta UMÍ. Umræður og fyrirspurnir.
20:20	Fjárafilanir félaga og deilda Olga Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri fimleikadeildar Umf. Selfoss. Umræður og fyrirspurnir.
20:40	Hvaða sjóði getum við sótt í og hvernig? Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK. Umræður og fyrirspurnir.
21:00	Fundarslit

Skráningar þurfa að berast fyrir
28. október á netfangið.hsk@hsk.is
eða í síma 482 1189.

Formenn, gjaldkerar og allir þeir sem koma að fjármálum íþrótt- og ungmennafélaga eru eindregið hvattir til að mæta.


Allir velkomnir. – Það kostar ekkert að mæta.



Gamansögur úr Árnesþingi

Út er komin hjá Bókasmíðjunni Selfossi bókin Gamansögur úr Árnesþingi eftir Jóhannes Sigmundsson í Syðra-Langholti. Í bókinni segir af óborganlegum Hreppamönnum, spekingslegum Laugvetningum, tannhvössum vinnukonum og mishittum stjórnmálaskörungum.

Við hittum hér fyrir Ólaf í Geldingaholti, Brynjólf á Ólafsvöllum, Marteinn bygginga-fulltrúa, Sveinbjörn í Hruna og Sigga Tómm. En líka yngri kynslóð þar sem fara vaskir garpar eins og Sigurður Ingi ráðherra, Gunnar á Heiðarbrún og hundurinn Hringur í Garði.



Fæst í Bókakaffinu
kostar aðeins 1990

Jól í Árborg 2014

Jólaþjósinn kveikt fimmtudag
13. nóvember.

Jólatorgið opnar laugardag 22. nóv.
Þegar kveikt er á stóra jólatrénu

Fylgist með á www.arborg.is og á facebook.
Hægt að leigja söluhús í síma 618 5000 og sigrun@pax.is.





Íþróttir



FIMLEIKAR - FÓTBOLTI - FRJÁLSAR - HANDBOLTI - JÚDÓ - MÓTOKROSS - SUND - TAEKWONDO

Góður sigur Selfoss

HANDBOLTI Það gengur vel hjá stelpunum í handboltanum en þær sigruðu KA/Þór um helgina. Eftir sigurinn eru þær í 6. sæti Olisdeildarinnar með fimm stig eftir fimm leiki.



Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en Selfoss byrjaði seinni hálfleikinn af krafti, jók muninn jafnt og þétt og sigraði að lokum 23-21.

Þetta var fyrst og síðast sigur liðsheldarinnar en stelpurnar voru öflugar í sókn. Katrín varði 15 bolta og stóð sig vel í markinu með baráttuglaða vörn fyrir framan sig. Hrafnhildur Hanna var markahæst í liði Selfoss með ellefu mörk, Carmen skoraði sex, Krístrún þrjú, Harpa Sólveig tvö og Þuríður skoraði eitt mark. Næsti leikur er í Vestmannaeyjum á laugardag.



Bronsleikar ÍR

FRJÁLSAR Bronsleikar ÍR voru haldnir laugardaginn 4. október sl. í Laugardalshöllinni. Á leikunum er keppt í fjölþraut barna sem samanstendur af þrautum sem reyna á styrk, snerpu, úthald og samhæfingu. Selfoss mætti að vanda með vaskt lið, alls 14 keppendur, sem stóðu sig með millí prýði utan vallar sem innan. Höfðu bæði keppendur og foreldrar gaman af.

Frábær árangur yngri flokka

HANDBOLTI Fimmti flokkur karla og kvenna fór til Vestmannaeyja á sama tíma og kepptu á fyrsta móti vetrarins. Hvorki fleiri né færri en 47 krakkar frá Selfossi fóru á mótið sem skipuðu fimm lið. Ekkert félag var með eins marga

keppendur á mótinu. Öll liðin stóðu sig með prýði og voru féluginu til mikils sóma. Þess má geta að Selfoss 1 og Selfoss 3 mættust á mótinu. Bæði lið voru í efstu deild, en það er gríðarlega sjaldgæft að eiga tvö lið í efstu deild í 5. flokki.



Haustmót JSÍ

JÚDÓ Haustmót JSÍ var haldið í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi laugardaginn 4. október þar sem 19 bestu júdómenn landsins voru mættir. Júdódeild Selfoss átti þrjá keppendur þá Grím Ívarsson, Egil Blöndal og Þór Davíðsson, þeir kepptu allir í sama þyngdarflokki -90 kg., ásamt Sveinbirni Yura þrautreyndum Júdómanni frá Ármanni. Gaman var að sjá hvað ungu júdómennirnir Grímur og Egill veittu þeim Þór og Sveinbirni mikla keppni en fór svo að Grímur lenti í 4. sæti og Egill í 3. sæti. Þór og Sveinbjörn fóru í úrslitaviðureignina sem var mest spennandi viðureign mótsins, eftir fimm mínútna viðureign var komið að gullskori. Þar náði Sveinbjörn að skora yoko og stóð uppi sem sigurvegari en Þór varð að láta sér lynda annað sætið.

Haustmót yngri aldursflokka-anna var haldið í húsakynnum Júdódeildar Ármanns laugardaginn 11. október. Fimm keppendur voru mættir frá

Júdódeild Selfoss. Krister Andrason varð annar í -38 kg flokki U13. Hrafn Arnarsson varð annar í -66 kg flokki U15. Halldór Bjarnason varð þriðji í -73 kg flokki U15. Grímur Ívarsson sigraði í -90 kg flokki U18. Hann keppti líka í U21 -90 kg. flokki en þar keppti einnig Egill Blöndal og fór svo að Egill vann allar sínar viðureignir og hlaut gull en Grímur silfrið.



Þór og Egill á verðlaunapalli í Iðu.
Mynd: UMF Selfoss/Davíð Ásgeirsson



Þorsteinn, formaður handknattleiksdeildarinnar og Jónas Yngvi, markaðsstjóri Hótel Selfoss hand-sala samninginn ásamt tveimur leikmönnum meistaraflokks karla.

Samningur við Hótel Selfoss

Handknattleiksdeild Selfoss og Hótel Selfoss skrifuðu undir samstarfssamning í seinustu viku. Það er mikið fagnaðarefni þegar nýir aðilar koma inn í starf deildarinnar en það verður aldrei of oft sagt að án fyrirtækja og velunnara deildarinnar er ekki hægt að halda úti því öflugra starfi sem þar er unnið.



Herrakvöld 2014

Herrakvöld knattspyrnudeildar Selfoss verður haldið í Hvítahúsinu föstudaginn 7. nóvember. Reiddur verður fram dýrindis matur, auk skemmtiatriða á borð við happadrættið og hið geysivinsæla pakkaupphæð.



Strákarnir á eldri ári í 6. flokki spiluðu á fyrsta móti vetrarins fyrstu helgina í október. Þar áttum við tvö lið í efstu deild, sem er afar sjaldgæft. Selfoss 1 urðu deildarmeistarar eftir að hafa unnið alla sína leiki, Selfoss 2 urðu í þriðja sæti. Frábær árangur hjá strákunum og Eyþóri Lárussyni hjálfara þeirra.



Þátttakendur í Team Nordic á Selfoss.

Mikil ánægja á Team Nordic

TAEKWONDO Um sl. helgi dvöldu á Selfossi þjálfarar og iðkendur í Team Nordic hópnum í taekwondo sem samanstendur af öllum bestu iðkendum og þjálfurum á Norðurlöndum. Team Nordic æfingarabúðirnar

eru haldnar víðsvegar á Norðurlöndunum tvisvar á ári.

Allir þeir sem æfa að staðaldri undir merkjum Team Nordic þurfa að ávinna sér pláss í hópnum og sýna framfarir á öllum æfingabúðum. Selfoss á þrjá aðila í Team Nordic, það eru Daniel Jens Pétursson, Ingibjörg Erla Grétarsdóttir og Dagný María Pétursdóttir.

Styrktaraðilar deildarinnar eru SS, MS, Guðnabakarí, Hótel Selfoss, Stjörnugrís, Höfðabón og Kajakferðir á Stokkseyri sem sáu um að skemmta okkar fólki.

Öruggur sigur Selfyssinga á Mílunni


HANDBOLTI Það var sannkallaður Selfoss slagur þegar Selfoss og Mílan mættust í íþróttahúsi Vallaskóla fyrir viku síðan.

Í upphafi varð vart við smá taugatitring hjá báðum liðum enda þekkjast leikmenn vel. Mílan leiddi í hálfleik 12-13 en í seinni hálfleik þéttu Selfyssingar vörnina, sigu fram úr og sigruðu. Lokatölur 28-23 fyrir Selfoss.

Markahæstir í liði Selfoss voru Egíðijus og Jóhann með sjö mörk hvor. Sverrir skoraði

þrjú mörk, Hörður, Hergeir og Gunnar Ingi með tvö mörk hver, Guðjón, Elvar Örn, Ómar Vignir, Andri Már og Árni Geir allir með eitt mark. Sebastian varði 12 skot og Sölvi 6.

Næsti leikur liðsins er gegn ÍH í Kaplakrika í Hafnarfirði á morgun, föstudaginn 24. október og hefst kl. 20:15.



Sérfræðingur frá Dior kynnir á Snyrtistofu Ólafar nýja varaliti Dior Rouge Baume ásamt nýju næturkreminni í Capture Totale og nýju One Essential seruminni föstudaginn 24. október frá 12. - 17.

Snyrtistofa Ólafar er eini söluaðili Dior á suðurlandi, vertu velkomin og fáðu 20 % afslátt af Dior Rouge Baume varaliti og 10% af öllu öðru í Dior á meðan á kynning stendur. Fallegar gjafir fylgja kaupum á tveimur keyptum vörum í Dior.

Snyrtistofa
Ólafar
www.olof.is
Austurvegi 9
Selfossi
Sími 482 1616

Aeskulýðssjóður Árborgar

Ungmennaráð Árborgar var stofnað með það markmið í huga að efla og styrkja ungmenntu til góðra og uppbyggilegra verkefna. Einnig til að koma skoðunum og áhugamálum ungs fólks á framfæri og vekja athygli á hversu frjótt og uppbyggilegt ungt fólk getur verið ef það hefur tækifæri til.

Ein af tillögum ungmennaráðs var stofnun „Aeskulýðssjóðs Árborgar“, sem nú er komin til framkvæmda og verða veittir styrkir úr sjóðnum í fyrsta sinn nú í ár.

Þetta verður frábær stuðningur við hópna eða einstök ungmenni sem eitthvað hafa fram að færa. Ungmennaráðið vill eindregið hvetja ungt og dugmikið fólk sem hefur áhuga

á skapandi verkefnum svo sem leiklist, tónlist, ritstörfum, líkamsrækt eða öðru sem viðkemur áhugamálum ungmenna, til að senda inn umsókn og freista gæfunnar.

Við minnum á að umsóknarfrestur rennur út 1. nóvember. Endilega lesið auglýsinguna og gerið ykkur grein fyrir því hvað þarf að fylgja umsókninni, til þess að hún verði tekin til afgreiðslu.

Vertu með, til að meika það.



Fyrir hönd ungmennaráðs
Árborgar,
Ólög Eir Hoffritz

ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
AF REIÐHJÓLUM

TREK GF 8.1
Dual Sport
55.993
79.990

REIÐHJÓLAVÖRUR

PROVIZ LJÓS
& FATNAÐUR
á **10%**
út október
2014

SCHWALBE
NAGLADEKK
7.990
verð frá stk.

FRAMLJÓS
3.490
verð frá

AFTURLJÓS
2.990
verð frá

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss Lónsbakki - 601 Akureyri 700 - Egilsstaðir
Sími 480 0400 jotunn@jotunn.is www.jotunn.is

LEIKFÉLAG OLFUSS SÝNIR
GAMANLEIKINN:

ENGINN MEÐ STEINDÖRI
EFTIR NINU BJÖRK JÓNSDÓTTUR

Í LEIKSTJÖRN F. ELLA
HAFLÍÐASONAR

FRUMSÝNING 25. OKTÓBER KL. 20:00
2. SÝNING 30. OKTÓBER KL. 20:00
3. SÝNING 4. NÓVEMBER KL. 20:00
4. SÝNING 11. NÓVEMBER KL. 20:00
5. SÝNING 13. NÓVEMBER KL. 20:00

MÍÐAPANTANIR Í SÍMA 661-0501
OG Á LEIKFÉLAG@GMAIL.COM
MÍÐAVERÐ KR. 2500

ATHUGIÐ AÐ SÝNINGIN HENTAR
EKKI BÖRNUM UNDIR 12 ÁRA

SÝNT Í RÁÐHÚSINU, ÞORLÁKSHÖFN

85 ára afmælishátíð Sleipnis

Laugardaginn 18. október sl. var 85 ára afmælisárshátíð Hestamannafélagsins Sleipnis haldin á Hótel Selfossi. Mikil gleði var á viðburðinum og fjöldi fólks sem mætti eða um 300 manns í mat og á ball. Í tilefni afmælis voru heiðursfélagarnir Svala H. Steingrimsdóttir,

Gunnar B. Gunnarsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Skúli Æ. Steinsson heiðruð með nýju barmmerki og fjórir nýir bættust í hópinn. Þá voru veittar ýmsar fleiri viðurkenningar.



Nokkrir verðlaunahafar. Frá vinstri: Linda Björk Ómarsdóttir, gjaldkeri Sleipnis, Brynja Amble Gísladóttir, Bergur Jónsson, Dagmar Öder Einarssdóttir, Haukur Baldvinsson og Karl Áki Sigurðsson, varaformaður Sleipnis.



Frá vinstri: Kjartan Ólafsson, meðstjórnandi í Sleipni, heiðursfélagarnir Svala H. Steingrimsdóttir, Gunnar B. Gunnarsson, Guðríður Valgeirsdóttir og Skúli Æ. Steinsson, Einar Hermundsson, Snorri Ólafsson, Gunnar M. Friðbjólfsson og Einar Öder Magnússon, nýir heiðursfélagar og Magnús Ólason, formaður Sleipnis.

Sveitt að safna peningum

HSK stendur fyrir málþingi um fjármál hreyfingarinnar undir yfirskriftinni Sveitt að safna peningunum í Selinu á Selfossi miðvikudaginn 29. október nk. Þar verður m.a. fjallað um samstarfssamninga íþróttafélaga og sveitarfélaga, getraunastarf sem leið til fjáröflunar, hvernig félög geta náð í styrktar- og samstarfaðila, fjáraflanir félaga og deilda og í

hvaða sjóði félög geta sótt og hvernig. Skráningar þurfa að berast fyrir 28. október í hsk@hsk.is eða í síma 482 1189. Formenn, gjaldkerar og allir þeir sem koma að fjármálum íþróttafélaga og sveitarfélaga eru eindregið hvattir til að mæta og skiptast á skoðunum og hugmyndum. Allir eru velkomnir. Það kostar ekkert að mæta.

- ög



Margt spennandi framundan hjá kór FSu

Mikill hugur ríkir nú meðal kórfélaga í kór FSu því margt spennandi er framundan í vetur. Ber þar hæst fyrirhuguð Ítaliuför í lok mars. Ferðinni er heitið til Bolzano í Norður-Ítalíu, þar sem dvalið verður í vikutíma.

Þar mun kórinn halda sam-
þeiginlega tónleika með ítölskum framhaldsskólakór er tekur á móti okkur auk þess sem sungið verður við fleiri tækifæri. Ítalski kórinn mun síðan sækja okkur heim er fram líða stundir. Íslensk hjón sem búsett eru ytra halda utan um og skipuleggja í samstarfi við okkur hér heima ferðina og sjá til þess að hún verði sem skemmtilegust og öllum ógleymanleg. Hjón þessi sérhæfa sig í að skipuleggja ferðir fyrir kóra erlendis og kalla fyrirtæki sitt Cusina Travel.

Til stendur einnig að leggja lokahönd á útgáfu geisladisks er spannar rúmlega 30 ára sögu kórsins og verður sá diskur vonandi til sölu í upphafi nýs árs.

Nú í október heldur kórinn í æfingabúðir að þessu sinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi en þar mun kórinn einnig halda sína frægu kvöldvöku þar sem heimatilbúin skemmtiatriði á heimsfélakvarða verða sýnd. Kórinn mun svo syngja á *Hátíð í bæ*, og eins á aðventutónleikum í Selfosskirkju og auðvitað við

brautskráningar skólans. Stefnt er að því að halda styrktar-tónleika í upphafi febrúar-mánaðar þar sem kórinn mun syngja auk fleiri kóra. Ágóðinn rennur að sjálfsögðu í ferðasjóð okkar. Á komandi vikum munu kórfélagar hefja sölu á ýmsum varningi til styrktar ferðalaginu og er von okkar að fólk taki þeim og erindi þeirra vel. Kórfélagar um þessar mundir eru 46 talsins. Umsjónarmaður kórsins er Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir og kórstjóri er Örlygur Atli Guðmundsson.

Orgelið „rokkar“

Tónleikar í kirkjum á Suðurlandi

Haldnir verða kvöldtónleikar í kirkjum landsins sem hafa nægjanlega stór pípuorgel. Jafnframt eru tónleikar og kynning fyrir börn á grunnskólaaldri að morgni tónleikadags.

Uppistaða tónleikanna er tónlist sem ekki er upphaflega samin fyrir orgel en er yfirleitt þekkt meðal flestra sem hlusta eitthvað á tónlist eða horfa á bíómyndir og sjónvarp. Sem dæmi má nefna tónlist eftir kvikmyndatónskáldið John Williams sem samdi ódauðlega tónlist fyrir myndir, stórmyndir eins og Star wars, Indiana Jones, Jurassic Park o.fl. Einnig tónlist úr öðrum stórmyndum sem flestir kannast við eins og Pirates of the Caribbean, Lord of the rings o.s.frv. Þekkt dægurtónlist sem og rokktónlist verður á



Jón Bjarnason orgelleikari.

efnisskránni. Frægar hljómsveitir eins og Queen, Abba, Deep Purple, Coldplay og margar fleiri sem og tónlist úr teiknimyndum, sjónvarpsþáttum, íslensk og erlend dægurlög og svo framvegis.

Leitast verður við að hafa efnisskrána sem fjölbreyttasta til að undirstrika breidd hljóðfærisins og reynt að hafa tónlist sem allir ættu að kannast við jafnt börn sem fullorðnir. Á tónleikunum spilar Jón Bjarnason á orgel og Steinn Daði Gíslason á trommur. Á tónleikunum í Selfosskirkju spilar jafnframt Þorkell Ragnar Grétarsson á rafmagnsgítar.

Aðgangseyrir á tónleikana er 2000 krónur en frítt fyrir öryrkja, eldri borgara og börn undir 16 ára aldri. Tónleikar verða í Selfosskirkju 24. október, í Þorlákshafnarkirkju 28. október og í Hveragerðiskirkju 29. október.

Allir tónleikarnir hefjast kl. 20:00. Verkefnið var styrkt af Menningarráði Suðurlands og héraðssjóði Suðurprófastsdæmis.

Yfir 5000 gestir hafa skrifað í gestabók Njálurefilsins

Stór áfangi náðist í Njálurefilsstofunni í liðinni viku þegar skrifað var í gestabók refilsins í fimm þúsundasta sinn. Svo skemmtilega vildi til að það var Helga Sigurðardóttir úr Fljótshlíðinni sem ritaði nafn sitt númer 5000.

Helga hefur verið einn allra ötulasti saumarinn síðan byrjað var að sauma og hefur hún komið á hverju þriðjudagskvöldi síðan í febrúar 2013. Helga fékk að launum handavinnupakka og valdi hún sér pakka með mynd af Hallgerði, Glúmi og Þorgerði.

Nú hafa yfir 30 metrar verið fullkláraðir í Njálureflinum og saumaskapurinn gengur framur björtustu vonum. Heimamenn jafnt sem ferðamenn hafa komið og skilið eftir spor í sögunni og þetta frábæra verkefni hefur vakið verðskuldaða athygli á Íslandi og erlendis.



Helga Sigurðardóttir var fimm þúsundasti gesturinn sem skrifaði í Njálurefilsfestabókina.

Fréttir úr körfunni

Dregið í Powerade-bikarkeppni karla

Nokkur sunnlensk lið voru í pottinum þegar dregið var í 32-liða úrslitum í Poweradebikarkeppni karla og fengu þau flest áhugaverða mótherja. Hamar sækir Álfanes heim, Hrunamenn fá Íslandsmeistara KR í heimsókn, Þór sækir KFÍ heim á Ísafjörð og FSu fær Keflvíkinga í heimsókn. Leikdagar eru 31. okt. til 3. nóv.

DOMINOSDEILD KVENNA:

15. okt. Hamar - Breiðablik 57:77

Blikar byrjuðu mun betur en Hamar náði að minnka forskot þeirra niður í eitt stig í hálfleik 35:36. Blikastelpur mættu grimmar í 3. og 4. leikhúta og unnu að lokum öruggan 20 stiga sigur 57:77. Stig Hamars: Andrina Rendon 14 stig, Salbjörg 13, Þórunn 10, Katrín 7, Krístrún 6, Heiða 4 og Sóley 3.

1. DEILD KARLA:

17. okt. Breiðablik - Hamar 70:85

Hamarsmenn höfðu yfirhöndina í 1. og 2. leikhúta og leiddu 38-42 í hálfleik. Blikar sóttu í sig veðrið í síðari hálfleik og minnkuðu muninn, en svo fór þó að Hamar hafði góðan sigur 70-85. Stig Hamars skorðu: Þorsteinn 25, Nelson 21, Örn 16, Halldór Gunnar 13 stig, Kristinn 4 stig, Bjartmar 4 og Bjarni Rúnar 2.

2. DEILD KARLA:

17. okt. Hrunamenn - Reynir S. 86:78

Hrunamenn fengu Reyni Sandgerði í heimsókn á Flúðir í fyrsta leik sínum sl. föstudag. Heimamenn voru ákveðnari í sínum aðgerðum og voru yfir í hálfleik 42-30. Eftir baráttuleik unnu Hrunamenn góðan sigur 86-78.

17. okt. Sindri - Hekla 79:78

Rangæingar urðu að jata sig sigraða með einu stigi í öðrum leik sínum í 2. deildinni.

1. DEILD KVENNA:

19. okt. FSu/Hrunamenn - Tindastóll 48:68

Lið FSu/Hrunamanna fengu Tindastól í heimsókn sl. sunndag. Norðankonur voru sterkari og unnu 20 stiga stigur 48:68. Fyrir FSu/Hrunamenn skorðu Nína Jenný 19 stig og Andres Ýr 12.

Konukvöld í Þorlákshöfn

Hið árlega og sívinsæla konukvöld Félags eldri borgara í Þorlákshöfn verður haldið 31. október á Niunni og hefst klukkan 20:00. Borinn verður fram matur frá Svarta sauðnum og auk þess verða skemmtiatriði. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 24. okt. Miðasala verður síðan á Niunni 28. okt. frá kl. 13-16.

Þær Gunna K. sími 483 3641, Helga Kr. sími 483 3647, Helga J. sími 483 3644 og Sigga Daggá sími 483 3766 taka á móti þöntunum. - fb



Karma að 27 ár og hvergi hætt

Hljómsveitin Karma hefur starfað óslitið í 27 ár og slær hvergi af. Ólafur Þórarinnsson eða Labbi í Mánum eins og hann er oftast kallaður, er forsprakki sveitarinnar og hefur leitt hana allan tímann. Hljómsveitin leikur allar tegundir danstónlistar, allt frá gömlu dönsunum, til dagsins í dag. Framundan eru árshátíðir og þorablót og enn eru lausar helgar. Velkomid er að hafa samband við Labba í síma 898 1579 eða senda honum póst á labbi@talnet.is varðandi bókanir á hverskonar böll og skemmtanir.

BÍLAR



Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar
Shell smurþjónusta
ÞJÓNUSTUUMBOÐ SELFOSSI



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

HEILSA

Reynir Katrínar

Nuddmeðferðir

Heilun

Spálestur í steina guðanna
og þrivalda
Einnig áruteiknun

Tímáptantanir og upplýsingar
í síma 861 2004

Reynir Katrínarson,
nuddmeistari

Dáleiðsla - heilsuráðgjöf -
nudd - svæðanudd

Svæðanudd, nudd, augnlestur,
heilsuráðgjöf, einnig dáleiðsla en
með dáleiðslu má m.a. finna rót
heilsuvandamála, aðstoða fólk við
að hætta að reykja, bæta árangur
á mörgum sviðum, upplifa brot úr
fyrri æviskeiðum, vinna að æskilegri
líkamsþyngd og margt fleira.
Vinn einnig með kenningar Edgars
Cayce um grunn góðrar heilsu
með hollu mataræði, með líkams-
rækt og jákvæðu hugarfari.
Bókanir í síma 898 1501.

Heiðar Ragnarsson,
Heilsulindinni, Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi

BARNAPÖSSUN

Óskum eftir góðri barnapíu
til að passa strákana okkar tvo
sem eru 5 ára og 1 og hálfs
árs. Þyrfti að geta passað þá af
og til á kvöldin og stöku
sinnum um helgar. Við búum
rétt fyrir utan Selfoss (17
km/15 mín. keyrsla) og þurfum
því manneskju með bílpróf og
aðgang að bíl. Áhugasamir
hafi samband í síma 859 9557.

TAPAD - FUNDIÐ



Húfa fannst
föstudags-
morguninn
17. október
sl. á gatna-
mótum Lyng-
heiðar og
Eyravegar.
Eigandinn

getur vitjað hennar í
afgreiðslu Prentmets Suður-
lands að Eyravegi 25 á
Selfossi.

ÞJÓNUSTA



KJARNA-BÓKHALD

Austurvegi 6 - 800 Selfossi
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Ráð í rekstri!

• STEYPUSÖGUN • KJARNA-
BORUN • INNRÖMMUN
• TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM •

Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spegla og fleira.

Opið frá kl. 12-20 virka daga,
og þess utan ef einhver er við.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 482 2319 - 893 9068.
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.



S: 662-1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK

SUÐURLAND

X5

Persónuleg þjónusta

Bílaviðgerðir

Hjólbarðasala

Hjólbarðapjónusta

Gagnheiði 34 S: 893-3305



Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27- 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Launavinnsla
Reikningaskrif

Greiðslumat
Greiðsluferfiðleikamat
Persónuleg þjónusta

KOBBA



FLUTNINGAR

2 ferðir til Reykjavíkur
DAGLEGA

772 6010

ÞJÓNUSTA

Eru meindýrin að
angra þig?



Sími: 892 0502

Gunnar Þór Hjaltason,
meindýraeyðir, Bjarnastöðum, Ölfusi

VANTAR ÞIG AÐSTÖÐ
VIÐ HEIMANÁM?
Stærðfræði - Eðlisfræði
Efnifræði

Sanngjarnt verð á klukkustund.
Hlutfallslega ódýrara ef nem-
endur með sama námsefni
nýta tímann (2 - 6 nemar)

Hallgrímur Hróðmarsson
Reykjamörk 2, Hveragerði,
Sími 864 3896



Sveinn Skorri Skarphéðinsson
Sími 893 0422

sveinnskorri@gmail.com

Þitt verkstæði
þjónar þér

• Hjólbarðaverkstæði
• Smurstöð
• Viðgerðaverkstæði



Rafgeymar, dekk, umfelgun
og jafnvægisstilling.
Gott verð.
Rafgeyma- og
dekkþjónustan
Sigtúnum 29, Selfossi.
Sími 893 8215.

Taxi Hveragerði
5 - 8 manna bílar
sími 483 4200

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSYSLU
Sími 696 1752

Al-Anon
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 21:00, Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla sunnudaga kl. 16
Hrísholti 8, Selfossi (AA húsið).
Nánari upplýsingar coda.is.

AA
Fundir alla miðvikudaga kl.
19:30.

Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is

AA fundur
Hugleiðsludeild í Hveragerðis-
kirkju miðvikudaga kl. 20.



Athugið!

Vegna ónógrar þátttöku falla
spilakvöldin í Þingborg niður.

Framsóknarfélag Árnessýslu

Bowen

Pekkir þú Bowen?

Má bjóða þér að panta tíma og kynnast þessari frábæru
leið til að endurnýja orkuna og vonandi koma þér til betri
heilsu. Bowen hentar börnum einkar vel.

Fyrsti tíminn með 25% afslætti.

Börn undir 2 ára fá fría meðferð.

Tímáptantanir milli 10 og 12 alla virka daga.

Margrét Jónsdóttir,
bowentæknir, sími 898 4738



prentmet
Suðurlands
HRAÐÞJÓNUSTA
Eyravegi 25, Selfossi

**Ljósritun
Gormun**

TIL SÖLU

Dekk

Góð 13" dekk til sölu, bæði
sumar- og vetrardekk (nagla-
dekk), annað sett á felgum.
Upplýsingar í síma 857 5735.

Til sölu

3ja sæta söfi, brúnt leður.
Selst ódýrt. Uppl. í síma 482
3015 og 845 6857.



Til sölu

4 stk. vel
með farnir
fataskápar, 2
dyra og 3
skúffur. B:
96 cm, H:
175 cm, D:
50 cm. Verð
kr. 10.000
stk.
Einnig 6
kassar
innfelld ljós,
3 ljós í
hverjum kassa. Hver kassi á
kr. 3.000, ónotað.
Upplýsingar í síma 898 0728.



HÚSNÆÐI ÓSKAST

Íbúð óskast til leigu á Selfossi
Lyf og heilsa óskar eftir að
taka á leigu íbúð til langs tíma.
Íbúðin þarf að vera a.m.k. 90
m² og í góðu ásigkomulagi.
Upplýsingar í síma 822 5034

KIRKJUR

Kálfholtskirkja

Guðspjónusta sunnudaginn
26. okt. kl. 14.00.

Selfoskirkja

Messa og barnastarf í
Selfoskirkju kl. 11. Prestur sr.
Axel Njarðvík. Organisti Jörg
Sondermann. Kirkjukór
syngur. Súpa í hádeginu. Verið
velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Austurvegi 40b

www.selfossgospel.is
Sunnudaga kl. 11:00 - Sam-
koma, barnapössun og kaffi-
veitingar.
Mánudaga kl. 20:00 - Celebrate
Recovery 12 spora fundir.
Opnir fyrir alla.
www.celebraterecovery.is.
Fimmtudaga kl. 18:00 - Bæna-
stund.

Skálholtsdómkirkja

Barnasamvera laugardaginn
25. október kl. 11.00 í umsjá
Bergþóru Ragnarsdóttur,
djáknanema og Jóns Bjarna-
sonar organista.
Messa sunnudag 26. október
kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson,
sóknarprestur, annast prests-
þjónustuna. Organisti er Jón
Bjarnason.

Miðdalskirkja

Guðspjónusta sunnudag 26.
október kl. 14.00. Sr. Egill
Hallgrímsson, sóknarprestur,
annast prestsþjónustuna.
Organisti er Jón Bjarnason.

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



FRÖST mark ehf.
www.frostmark.is
Kælikerfi - Frystikerfi
Hönnun - Sala - Þjónusta
Gagnheiði 69 • 482 3595 • 544 5858

SELÓS
GLUGGAR • HURÐIR • INNSÉTningar
STOFNAD 1973
Gagnheiði 72 • 800 Selfoss
Sími 482 4100 • www.selos.is

Ómar Diðriks og Sveitasynir gefa út geisladiskinn Lifandi

Lifandi er annar diskur Ómars Diðriks og Sveitasóna og er tekinn upp „live“ á Selfossi. Ómar Diðriks og Sveitasynir er sunnlensk hljómsveit sem spilar frum-samda kántrýskotna og hljómbæra (acoustic) tónlist. Textar eru á íslensku að undanskyldu einu lagi á ensku.

Hljómurinn á þessum disk er skemmtilega lifandi og textarnir fjölbreyttir, eitthvað fyrir hjartað og sálina og líka dansskóna. Öll lög og textar disksins eru eftir Ómar sem einnig syngur og spilar á gítar. Rúnar Þór Guðmundsson spilar á gítar og banjó og sér um raddir, auk þess sem hann stjórnar upptökum. Guðmundur Eiríksson spilar á hljómborð og píanó, en hann hefur einnig útsett tvö af lögnum fyrir kór en það er Kirkjukór Odda og Þykkvabæjar sem syngur með í þeim lögum. Þórir Ólafsson

spilar á bassa og raddar. Karl Þorvaldsson tók upp diskinn auk þess sem hann spilar á slagverk, hljóðblander og hljóðjafnar. Tvær sunnlenskar söngkonur ljá verkefninu raddir sínar en það eru þær Gunnhildur Þórðardóttir og Kristrún Steingrímsdóttir auk þess sem söng- og leikkonan Bryndís Ásmundsdóttir syngur í einu lagi. Sunnlendingurinn Karl Hallgrímsson spilar á mandólín og munnhörpu og Karl Hákon Karlsson á rafgítar í einu lagi. Útgáfutónleikar verða á Café Rósenberg í Reykjavík



Ómar Diðriks og Sveitasynir.

fimmtudaginn 23. október og á Hótel Stracta á Hellu föstudagskvöldið 24. október. Báðir tónleikarnir byrja stundvíslega kl. 21:00 og er aðgangseyrir kr. 1000 sem síðan er hægt að nota sem greiðslu upp í diskinn fyrir þá sem það vilja. Þetta verður örugglega hin besta skemmtun.

Hleypur til styrktar hjálparstarfi vegna ebólu

Hlaupakonan Renuka Perera frá Selfossi tekur þátt í haustmaraþonhlaupi í Reykjavík laugardaginn 25. október næstkomandi. Hún ætlar jafnframt að hlaupa maraþonhlaupið til styrktar hjálparstarfi vegna ebólu-faraldursins sem geysar í Vestur-Afriku.



Renuka Perera ætlar að hlaupa maraþon til styrktar hjálparstarfi vegna ebólu í Vestur-Afriku.

Renuka, sem æfir hlaup með Frískum Flóamönnum undir stjórn Sigmundar Stefánssonar, hefur áður hlaupið til styrktar góðu málefni eins og t.d. ABC-barnahjálp, fyrir fatlaða í Reykjadal og fyrir börn með meðfæddan hjartagalla.

Þeir sem vilja leggja málefnið lið geta lagt inn á eftirfarandi reikning: 701-26-10240, kt. 481203-2905. Unicef ebólan Vestur-Afriku.

TAXI
SELFOSSI
SÍMI 482 3800
Opið allan sólarhringinn um helgar

Bú Aðföng
ÁBURÐUR
Sími 487 8888

TækniSmiðjan
Sími 857 6715
gse@tsmidjan.is - www.tsmidjan.is
■ Stálhönnun
■ Véltæknihönnun
■ Þrívíddarteikning
■ Útboðsgögn
■ Eftirlit

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
TOYOTA
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

COUNTRY TAXI
776-0810
Leigubíll
Flúðir ■ Reykholt ■ Árnes ■ Geysir
Úthlíð ■ Borg ■ Brautarholt
HALLDÓR
SÍMI: 776 0810 OG 783 1224

BÓNFDGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

HREINGERNINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bön, gluggabreinsun o.fl.
Símar 483 3827 og 897 8444
Freint um allt Suðurland

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli Gunnar Guðmundsson, Elfar Freyr Sigurjónsson, Svanhildur Eiríksdóttir
Vistvænar íslenskar kistur
Þjónusta allan sólarhringinn
Sími 482 4300
Netfang: fylgd@fylgd.is - Vefsíða: fylgd.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Josera.
super premium
gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Meiraprófsnámskeið
haldið á Selfossi í nóvember.
Skráning hjá undirrituðum fyrir 5. nóv.
Vinnuvélanámskeið
hefst á Selfossi
6. nóvember
Eyravegi 55, Selfossi - Þráinn, sími 892 9594 - www.okuskoli.is